

Fær ekki að fara heim til sín



Tsjernobyl-bænin á íslensku



Fréttir > 10

Menning > 22

FRÉTTABLAÐIÐ

248. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FÖSTUDAGUR 17. DESEMBER 2021



„Það er svolitil geðshræring núna,“ sagði Guðmundur Felix Grétarsson, sem kom heim til Íslands í gær með Sylwiu Gretarsson Nowakowsku eiginkonu sinni. Helgi Guðbrandsson æskuvinnur hans tók á móti þeim í Leifsstöð og föðmuðust gömlu vinnirinn innilega.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nánar á frettabladid.is

Segir ritstuld seðlabankastjóra ná langt aftur

Árni H. Kristjánsson segir seðlabankastjóra vera einn þeirra sem frömdu ritstuld við ritun skýrslu rannsóknarnefndar um sparisjóðsmálið.

tsh@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Árni H. Kristjánsson sagnfræðingur segir Ásgeir Jónsson seðlabankastjóra, ásamt fleirum, hafa framið ritstuld við ritun Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna. Ásgeir var einn af höfundum skýrslunnar sem kom út 2014.

Seðlabankastjóri var á dögnum sakaður um ritstuld af rithöfund-

inum Bergsveini Birgissyni. Ásgeir hefur neitað allri sök og furðað sig á því að hafa verið „þjófkenndur í fyrsta skipti á ævinni“. Árna þótti skjóta skökku við að seðlabankastjóri léti þessi ummæli falla því að hans sögn er þetta ekki í fyrsta skiptið sem hann hefur verið sakaður um ritstuld.

„Ég get engu svarað um þetta,“ segir Ásgeir Jónsson í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins. „Ég kom að þessu verki í raun á lokastigum, var einn margra höfunda að skýrslunni og fékk afhent efni sem mér var sagt að væri í eigu nefndarinnar. Ég veit ekki meira um málið,“ segir hann og bætir því við að eftir hans bestu vitund sé

efnið sem hann vann fyrir skýrsluna í eigu nefndarinnar.

Árið 2013 kom bók Árna, Hugsjónir, fjármál og pólitik: Saga SPRON í sjöttíu og sjö ár, út hjá Sögufélaginu. Árni segir sagnfræðilegan hluta skýrslu rannsóknarnefndarinnar byggja að miklu leyti á sínum rannsóknnum en þó er hvergi minnst á Árna né bók hans í skýrslunni.

Árni var ráðinn til að skrifa sögulegt yfirlit um sparisjóði fyrir nefndina 2011 og afhenti afrit af ókláruðu handriti bókarinnar sem sýnishorn af vinnubrögðum sínum. Hann sagði sig frá störfum í febrúar 2012 vegna ágreinings um höfundarrétt en nefndin hélt eftir handritinu og notaði það, að sögn Árna, óspart við

skrif skýrslunnar þrátt fyrir að hann legði formlega blátt bann við því.

Guðni Th. Jóhannesson, þáverandi forseti Sögufélagsins, sendi bréf til Alþingis 19. maí 2014 þar sem óskað var eftir því að rannsókn yrði gerð á meintum ritstuldi. Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði, og Páll Sigurðsson, prófessor emeritus í lögfræði, voru skipaðir matsmenn og skiluðu Alþingi álitserð 3. júlí 2015.

„Niðurstaða okkar er sú að í allnokkrum tilvikum sé texti skýrslunnar svo líkur texta Árna H. Kristjánssonar, bæði varðandi orðalag og efni, að telja megja án vafa að um ritstuld sé að ræða,“ segir í niðurstöðum álitserðarinnar.

Upphaflega var greint frá málinu

í fjölmiðlum 2014. Árni segir að í loks árs 2016 hafi hann verið langt á veg kominn með grein um málið, sem átti að birtast í Tímaritinu Sögu, þegar sonur hans veiktist skyndilega lífshættulega svo honum láðist að ganga frá greininni.

„Það sem fékk mig núna til þess að rakna úr rotinu með þetta mál er svívirðileg framkoma gagnvart Bergsveini Birgissyni og að Ásgeir skuli segja að hann hafi aldrei verið þjófkenndur fyrr. Honum hefur eflaust verið órótt þegar ég fór af stað á sínum tíma en þá var allt gert til þess að þagga málið niður,“ segir Árni. ■

Nánar á frettabladid.is

Gjafa kort

Gjafakort
Þjóðleikhússins

Þjóð
leik
húsið

leikhusid.is



Ásta Guðrún Helgadóttir, fyrrverandi þingmaður Pírata, var kjörin formaður kjörstjórnar.

Opið prófkjör í Samfylkingunni

arib@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Samfylkingarfélagið í Reykjavík samþykkti í gær að fyrir borgarstjórnarkosningar í Reykjavík verði valið á lista með bindandi flokksvali í sex efstu sætin á lista flokksins. Atkvæðisrétt í flokksvalinu hafi bæði flokksmenn og „stuðningsmenn lokksins“, eins og það er orðað. Lágmarksaldur kjósenda í flokksvalinu er 16 ár. Aðrir en flokksmenn Samfylkingarinnar geta tekið þátt með því að skrá sig sem stuðningsfólk í samræmi við reglur flokksins.

Flokksvalið mun fara fram 12. til 13. febrúar en uppstillingarnefnd mun velja í önnur sæti á listanum. Á fundinum var Ásta Guðrún Helgadóttir kjörin formaður kjörstjórnar og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir formaður uppstillingarnefndar. ■

Engar skófir að finna



Pottaskefill leit við á Þjóðminjasafninu og sýndi ungmennum hvernig best væri að ná öllum örðunum úr botni pottanna í gær. Í aðdraganda jóllanna munu allir jólasveinarnir líta við á safninu og heilsa upp á gesti og gangandi. Ekki var að sjá annað en að krakkarnir hefðu gaman af að sjá sveinka. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Reiði í Sjálfstæðisflokknum eftir brögð á stjórnarfundum í Reykjavík

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Mikil óánægja er meðal Sjálfstæðisfólks í Reykjavík eftir fund stórnar Varðar, fulltrúaráðs flokksins, í Reykjavík á þriðjudag.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var ákvörðun um leiðtogakjör fyrir borgarstjórnarkosningarnar alls ekki á dagskrá fundarins og kom hluti stjórnarmanna af fjöllum þegar hún var borin upp.

Á stjórnarfundum í Verði fyrir tveimur vikum var ákveðið að valið yrði á lista í Reykjavík með hefðbundnu prófkjöri, sem fara átti fram 26. febrúar næstkomandi.

Fyrir fundi stjórnarinnar síðastliðinn þriðjudag lá að ákveða hvaða dag ætti að boða fulltrúaráðið til fundar til að staðfesta ákvörðun um prófkjör. Þar sem um eins konar



Aðeins hluti stjórnarmanna vissi að tillagan yrði borin upp.

afgreiðslufund var að ræða mættu ekki allir stjórnarmenn til fundarins og aðeins hluti stjórnarmanna vissi að til stóð að bera upp tillögu um aðra leið við val á lista.

Eyþór Arnalds hefur fagnað ákvörðun stjórnarinnar en Hildur Björnsdóttir hefur lýst yfir óánægju.

Viðmælendur Fréttablaðsins telja líklegt að ákvörðunin verði felld af fulltrúaráðinu í janúar en aukinn meirihluti í ráðinu þarf til að staðfesta hana. ■

Flugu með nashyrninga frá Suður-Afríku til Rúanda

Eitt af sérstökustu verkefnum sem flugfélagið Air Atlanta hefur fengist við var að flytja hvíta nashyrninga til nýrra heimkynna í Rúanda. Flutningurinn er sá stærsti sinnar tegundar frá upphafi.

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÝRAVERND Íslenska flugfélagið Air Atlanta flutti í lok nóvember 30 hvíta nashyrninga frá Suður-Afríku til Rúanda. Er þetta stærsti flutningur nashyrninga frá upphafi.

„Það var verið að flytja nashyrningana frá verndarsvæði í Suður-Afríku til nýrra heimkynna,“ segir Magnús Ásgeirsson, yfirmaður sölu mála hjá flugfélaginu, sem rekur 15 þotur. Sú sem flutti nashyrningana var Boeing af gerðinni 747. Hún getur borið 100 tonn sem er eins gott, því nashyrningarnir vögu samtals 60 tonn.

Aðspurður hvað sé mikilvægast þegar kemur að svona flutningum, segir Magnús það vera að passa upp á að búr dýranna séu vel skorðuð af og fest, til þess að þau fari ekki á ferð þegar vélin hreyfist. Í raun gildi sömu lögmál um þessa flutninga og aðra gripaflutninga sem flugfélagið hefur sinnt, svo sem flutninga á hestum. „Þetta verður að vera þröngt til að þeir geti ekki farið að ólátast í fluginu,“ segir Magnús.

Nashyrningarnir voru teymdir, með bundið fyrir augu, inn í viðarpallettubúr sem flutt voru með vörubílum til og frá þotunni. Sérfræðingar voru um borð í vélinni til þess að fylgjast með nashyrningunum og tryggja að þeir hefðu nægt fæði og vatn alla ferðina.

Nashyrningarnir voru sóttir frá Liege í Belgíu og til borgarinnar Durban á austurströnd Suður-Afríku þann 27. nóvember og flogið með þá til Kigali, höfuðborgar



Um 20 þúsund hvítir nashyrningar eru til í heiminum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Það var verið að flytja nashyrningana frá verndarsvæði í Suður-Afríku til nýrra heimkynna.

Magnús Ásgeirsson, yfirmaður sölu mála hjá Air Atlanta

Rúanda. Tók flugið fjóra tíma og gekk vel.

Nashyrningarnir munu fá nýtt heimili í Akagera-þjóðgarðinum við landamæri Tansaníu. Nashyrningum var útrýmt af svæðinu á tímum belgísku nýlendustjórnarinnar og vegna mikillar ofveiði á áratugunum eftir sjálfstæðið. Á undanförunum árum hafa svartir nashyrningar

verið fluttir aftur á svæðið og nú er komið að þeim hvítu.

Vel hefur verið, og verður, fylgst með nashyrningunum í Akagera, bæði með örmerkjum og reglulegum heimsóknum dýralækna.

Takmarkið er að flytja nógu marga til þess að þeir geti myndað nýja og sjálfbæra hjörð í nýjum heimkynnum. Hvítir nashyrningar eru af tveimur stofnum, norðurstofni sem var kominn niður í aðeins tvö dýr og suðurstofni sem telur um 20 þúsund. Hefur verið reynt að blanda þeim saman til þess að erfðaefni norðurstofnsins tapist ekki að eilífu.

„Við tókum að okkur hin ólíklegustu verkefni. Til dæmis fljúgum við með rokkhljómsveitir, peningasendingar, kappakstursbíla og páfann í Róm og hans fylgdarlið,“ segir Magnús, aðspurður hversu fjölbreytt verkefni séu, en félagið flýgur út um allan heim. Nashyrningaflutningurinn sé þó með þeim sérstökustu. ■



LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við í lúguna

9-22

OPIÐ ALLA DAGA

Bandaríkin

Jú ess of PLAY

Við fögnum flugi til Bandaríkjanna og kynnum Boston og Washington til leiks. Í vor fljúgum við daglega til og frá báðum áfangastöðum sem opnar nýja og spennandi möguleika fyrir þá sem vilja fara vestur. Bókaðu þína ferð til Bandaríkjanna á flyPLAY.com strax í dag.

flyPLAY.com

PLAY

Verð frá

14.900 KR.

Umhverfisskattar lágir á Íslandi

kristinnhaukur@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Umhverfisskattar á Íslandi hafa hækkað lítillega sem hlutfall af landsframleiðslu. Þeir eru þó enn þá lágir miðað við flest önnur Evrópulönd. Þetta kemur fram hjá Eurostat, tölfræðistofnun ESB.

Árið 2019 voru umhverfisskattar hér á landi 1,99 prósent af landsframleiðslu en árið 2020 hafði prósentan hækkað í 2,01. Meðaltal Evrópu er 2,24 prósent og er Ísland lægst Norðurlandþjóðanna. Í Danmörku er hlutfall umhverfisskatta 3,17 prósent. Grikkir tróna á toppi listans en Írar reka lestina.

Umhverfisskattar skiptast í þrennt. Orkuskiptar, sem eru 1,16 prósent hér á landi, sem er meðal lægsta hlutfalls álfunnar. Samgönguskattar sem eru 0,47 prósent og mengunarskattar 0,38 prósent. Ólíkt þeim fyrrnefndu eru Íslendingar með næsthæstu mengunarskatta í Evrópu. ■



Megas er sakaður um að hafa nauðgað konu árið 2004.

Umræða um að svipta Megas heiðurslaunum

bth@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Svo kann að fara að Alþingi svipti tónlistarmanninn og skáldið Megas heiðurslaunum. Ástæðan er ásakanir um kynferðisbrot af hálfu tónlistarmannsins, sem Stundin greindi frá í nóvember.

Þingmenn sem Fréttablaðið hefur rætt við segja að sitt sýnist hverjum um hvað gera skuli. Erfitt sé að spá fyrir um niðurstöðuna. Fleiri telja þó ólíklegra en hitt að Megas verði sviptur launum. „Þetta er afskaplega þungt og erfitt mál,“ segir einn þingmanna í meirihlutanum.

Heiðurslaunin eru veitt að fullu til sjötíu ára aldurs. Eftir sjötugt nema þau 80 prósentum af starfslaunum listamanna. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur enginn listamaður verið sviptur heiðurslaunum. ■

Reyna að gefa föngunum nytsamlegar jólagjafir

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Samhjálp mun gefa hátt í 170 föngum jólagjöf. „Við erum búin að gera þetta í fjölda ára og reynum að gefa eitthvað praktískt sem nýtist vel, oft og tíðum snyrtivörur,“ segir Valdimar Þór Svavarsson, framkvæmdastjóri Samhjalpar.

„Við fengum þær upplýsingar að rúmlega 160 einstaklingar yrðu í fangelsi um jólin, en það getur að sjálfsögðu breyst svo við höfum þetta riflegt,“ segir Valdimar.

Á hverjum degi leita um 100 til 150 manns á kaffistofu Samhjalpar, þar er boðið upp á morgunkaffi og heitan hádegisverð. Í kjölfar Covid-faraldursins hefur aðsókn á kaffistofuna aukist mikið og eru nú fram-



Valdimar Þór með gjafirnar til fanganna. Án þess að gefa upp hvað er í pakkanum þá er miðað við eitthvað nytsamlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hátt í 170 manns verða í fangelsi á jólinum.

reiddar þar um 200 máltíðir á dag.

„Það er opið alla daga ársins, líka á jólinum. Þá eldum við hátíðarmáltíð og við leggjum mikið upp úr því að skapa sérstaka jólastemningu,“ segir Valdimar.

Hann bendir á að nú sé í gangi söfnun á bæði heimasíðu og Facebook-síðu Samhjalpar, þar getur fólk gefið máltíð, „eða styrkt með frjálsum framlagi.“ ■

Útsvarið víðast komið upp í rjáfur

Fjögur sveitarfélög leggja lágmarksútsvar á íbúana. Langflest nýta sér hámarksheimild. Seltjarnarnes þokast upp stigann, en Garðabær sker sig úr á höfuðborgarsvæðinu vegna lágrar útsvarsprósentu.

bth@frettabladid.is


SVEITARFÉLÖG Langflest sveitarfélög landsins hafa tekið upp hæstu mögulega útsvarsprósentu. Algennt er að skattar sem eru innheimtir í gegnum sveitarfélögin hafi hækkað um 2-3 prósentustig síðustu 20 ár. Hámarksskattlagning er 14,52 prósent, aðeins örfá sveitarfélög liggja undir þeim mörkum. Um aldamótin var algennt að útsvar væri 11-12 prósent.

Reykjavík, Akureyri og Ísafjardarbær nýta sér öll hámarksheimild útsvars. Árið 2000 var útsvarsprósenta Reykjavíkur 11,99 prósent. Nú er hún 14,52 prósent. Akureyri var með 11,84 prósent útsvar árið 2000.

Af öðrum fjölmönnum sveitarfélögum má nefna að Garðabær og Seltjarnarnes hafa í tímans rás legið langt undir hámarksskattlagningu. Bæði sveitarfélögin eru skráð með 13,7 prósent útsvar, en í vikunni var samþykkt á bæjarstjórnarfundum á Seltjarnarnesi að hækka útsvarið þar í 14,09 prósent. Garðabær er því helsta skattaparadís á höfuðborgarsvæðinu sem stendur.

Hafnarfjardarbær og Kópavogsbær hafa enn örlítið svigrúm til útsvarshækkunar, þótt bæði

Útsvarsprósenta nokkurra sveitarfélaga



Lágmarksútsvarsprósenta á landinu er 12,44 prósent. Hámarkið er 14,52 prósent.

sveitarfélögin teygja sig í skattheimtunni nálægt rjáfirinu. Sama útsvarsprósenta er í báðum þessum sveitarfélögum, 14,48 prósent.

Lágmarksútsvarsprósenta á landinu er 12,44 prósent. Íbúar fjögurra sveitarfélaga á Íslandi njóta góðs af lágmarksútsvari, það er í Skorradalshreppi, Fljótshreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi og Ásahreppi.

Útsvarið er veigamesti tekjstofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Ríkið setur lög um hámarksprósentu hverju sinni. Ein skýring þess að sveitarfélög hafa fengið heimild til að innheimta hærri útsvar en áður er tilfærsla verkefna, svo sem þegar málefni fatlaðra fluttust frá ríki til sveitarfélaga. ■

KPMG

KPMG bókað er bókhaldsþjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Bókaðu fund á www.bokad.is


Vertu í skýjunum með bókhaldið



Ekkert pappírsvesen



Allt í skýjunum



Þú færð yfirsýn



HAGKAUP


Hagkaups Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr gæða hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfínanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Hann er saltminni og þarf því einungis að elda í ofni.

Sérvalinn úr
1. flokks hráefni

SALTMINNI

þarf ekki að sjóða.
Aðeins 90 mínútur
í ofni



Hagkaups hangikjötið

Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.



Smjörspautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörspautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.



Marsjippinn Perseverance tók sjálfu með aðstoð dróna. MYND/NASA

Fundu lífrænar agnir á Mars

arib@frettabladid.is

GEIMVÍSINDI Marsjippinn Perseverance hefur fundið lífrænar agnir á plánetunni Mars. Fram kemur í tilkynningu frá Geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, að jarðvegssýni úr Jezero-gígnum gefi til kynna að vatn hafi runnið þar. Þrátt fyrir að efnið sé lífrænt er það ekki sönnun fyrir því að líf hafi verið á plánetunni, þar sem möguleiki er að agnirnar hafi komið til með öðrum hætti.

Perseverance lenti á Mars í febrúar síðastliðnum. Helsta verkefni leiðangursins er að komast að því hvort líf hafi einhvern tíma verið á plánetunni, með því að safna jarðvegssýnum. Marsjippinn hefur tekið sex sýni og á eftir að taka 37 til viðbótar, verða sýnin svo send til jarðarinnar þar sem þau verða rannsökuð betur. ■

Gerðu húsleit hjá Eimskipafélaginu

arib@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Héraðsaksóknari gerði húsleit í höfuðstöðvum Eimskips í gær til að afla gagna um skipaförgun í tengslum við sölu Godafoss og Laxfoss árið 2019. Fram kemur í tilkynningu skipafyrirtækisins til Kauphallarinnar að fyrirtækið telur sig hafa farið eftir lögum í söluferlinu á skipunum. Þá sé málið lítið alvarlegum augum.

Umhverfisstofnun kærði Eimskip til héraðsaksóknara í fyrra í kjölfar umfjöllunar fréttaskýringabáttarins Kveiks um niðurrif skipanna í Alang á vesturströnd Indlands þar sem mengunarvarnir eru litlar.

Eimskip segir að ekki sé hægt að leggja mat á fjárhagsleg áhrif málsins, eina viðmiðið sé heimild Umhverfisstofnunar til að beita stjórnvaldssektum upp á 25 milljónir króna. ■

Ekkert heimili gæti leyft sér slíka skuldasöfnun

olafur@frettabladid.is

SELTJARNARNES Sé rýnt í ársreikninga Seltjarnarnesbæjar kemur í ljós að uppsafnaður taprekstur á A-hluta bæjarsjóðs Seltjarnarnes 2015 til 2021 nemur tæpum 1,1 milljarði króna. Hefði útsvarsprósentan verið 14,48 eins og minnihlutinn í bæjarstjórn hefur lagt til, í stað 13,7 prósentu, væri reksturinn jákvæður um tæpar 19 milljónir á sama tímabili.

Í upphafi þessa kjörtímabils námu heildarskuldir bæjarins, fyrir utan lífeyrisskuldbindingar, tæpum milljarði. Áætlaðar skuldir nú um áramótin eru 4,3 milljarðar.

Á tímabilinu hefur bærinn ráðist í byggingu hjúkunarheimilis og stækkun íþróttamiðstöðvar, sem skapa tekjur og skýra hluta skuldaaukningarinnar, en viðvarandi taprekstur bæjarsjóðs skýrir hluta af 3,3 milljarða skuldaaukningu á kjörtímabilinu.



Karl Pétur Jónsson, bærjarfulltrúi Viðreisnar og Neslistans á Seltjarnarnesi

Karl Pétur Jónsson, bærjarfulltrúi Viðreisnar og Neslistans, segir að það hafi ekki komið fram raunhæf fjárhagsáætlun fyrr en í faraldrinum. „Ég samþykkti hana þá vegna þess að ég taldi hana gefa rétta mynd af rekstrinum. Nú eru hins vegar kosningar í vor og sama vitlesan byrjuð upp á nýtt. Þessi 200 milljóna skekkja er 5 prósent af rekstri bæjarins. Ekkert heimili gæti leyft sér svona langvarandi skuldasöfnun fyrir daglegum rekstri.“ ■

Lóðakostnaður og gjöld sveitarfélaga um þriðjungur byggingarkostnaðar

Gatnagerðargjöld, heimtaugagjald, heimædargjald, tengigjöld, byggingarleyfisgjöld, skoðunargjöld, leyfisgjöld og gjöld fyrir vottorð eru meðal þess sem leggst ofan á lóðakostnað sem hækkar sífellt.

kristinnhaukur@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Þegar byggingarverktaki eða einstaklingur ákveður að reisa hús má hann gera ráð fyrir því að þriðjungur eða jafnvel hærra hlutfall af framleiðslukostnaðinum fari í lóðakostnað og ýmis gjöld sem eru jafnvel orðin úrelt.

„Þetta getur orðið mjög flókið fyrir einstakling sem ætlar sér að fara að byggja,“ segir Friðrik Á. Ólafsson, viðskiptastjóri á mannvirkjasviði Samtaka iðnaðarinnar.

Talað er um samandreginn lóðakostnað þegar um er að ræða sjálf kaupin eða afnotin af lóðinni sjálfri og gatnagerðargjöldin. Þegar um kaupverðið ræðir skiptir stærð hússins ekki máli í Reykjavík, sama er greitt fyrir 50 fermetra hús og 150 fermetra, en mörg önnur sveitarfélög eru farin að reikna verð út frá stærð.

Gatnagerðargjöld eru reiknuð út frá gólfplatarmáli og eru bundin við byggingarvisitölu. Í Reykjavík eru þessi gjöld nú til dæmis 8,1 milljón króna fyrir 220 fermetra einbýlishús, 5,3 milljónir fyrir 190 fermetra raðhússíbúð og 1,6 milljónir fyrir 120 fermetra íbúð í fjölbýli.

Alls er samandreginn lóðakostnaður 21 prósent af framleiðslukostnaði húsa. En þetta er ekki það eina. Heimtaugagjald fyrir rafmagn getur verið á bilinu 0,2 til 2,9 milljónir, heimædargjald fyrir heitt vatn 0,4 til 2,5 milljónir, heimædargjald fyrir kalt vatn 0,3 til 2,1. Þá bætast við tengigjöld sem eru 20 þúsund í hvert skipti.



Þegar lóðaskortur er taka verktakar því sem býðst með öllum kvöðum sem fylgja. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Friðrik Á. Ólafsson, viðskiptastjóri á mannvirkjasviði SI

ónir, heimædargjald fyrir heitt vatn 0,4 til 2,5 milljónir, heimædargjald fyrir kalt vatn 0,3 til 2,1. Þá bætast við tengigjöld sem eru 20 þúsund í hvert skipti.

Kostnaðurinn er vitaskuld mismunandi milli sveitarfélaga en hjá Reykjavík sem dæmi kosta úttektir á hinum ýmsu byggingarstigum 12 til 60 þúsund krónur hver, leyfi og

vottorð 20 til 30 þúsund, byggingarleyfisgjöld eru 3 til 12 þúsund, skoðunargjöld 90 þúsund og fleira og fleira. Friðrik segir algengt að þessi kostnaður sem skilgreindur er sem „annar“ sé á bilinu 5 til 9 prósent af framleiðslukostnaði húsnæðis. Þá krefur Reykjavíkurborg verktaka um að selja vissan hluta íbúða á undirverði til Félagsbústaða og nær það ekki upp í framleiðslukostnað. Verktakinn þarf því að færa mismuninn yfir á þær íbúðir sem seldar eru á almennum markaði.

„Vitaskuld leiða öll þessi gjöld til herra íbúðaverðs,“ segir Friðrik. Aðspurður hvort þetta fæli verktaka frá segir hann þá í þröngri stöðu því lóðaskortur sé mikill. „Þetta er það eina sem er í boði. Ef

menn ætla að halda fyrirtækjum sínum gangandi. Fyrirtækin taka því sem er í boði sama með hvaða kvöðum það er.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá í vikunni er framleiðslukostnaður húsbygginga hár á Íslandi. Verkfæringurinn Stefán Ingólfsson hafði reiknað það út að kostnaðurinn hefði hækkað um 1,3 prósent árlega umfram almennar verðhækkningar frá árinu 1940.

Friðrik segir ráðrúm til lækkana á fyrrnefndum kostnaði mikinn. Til að mynda á úttektargjöldum til byggingarfulltrúa sem sinnir ekki lengur úttektum. Því með lagaþreitingu er það byggingarstjórninn sem framkvæmir úttektina. En gjöldin eru enn til staðar. ■

ALLT Á EINUM STAÐ

GERÐU JÓLAINNKAUPIN HJÁ OKKUR Í BÓKABÚÐ FORLAGSINS

ÓTRÚLEGT ÚRVAL BÓKA FRÁ ÖLLUM ÚTGEFENDUM

- * Næg bílastæði
- * Nóg pláss inni í versluninni
- * Innþökkunarborð og merkimiðar

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið til 19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

JÓLAGJAFIR **HANDVERKSFÓLKXSINS**



TIMBERKIT, VÖNDUÐ SAMSETNINGARSETT ÚR TRÉ.

VERÐ FRÁ 6.847 - 14.850 KR

- samansett lífnar það við! Fyrir allan aldur, unga sem aldna!



HANDVERKSNÁMSKEIÐ - VÖNDUÐ NÁMSKEIÐ MEÐ FAGLÆRDUM KENNURUM.

- fjöldi námskeiða í boði tengt trésmíði og silfursmíði. Dæmi um námskeið er tálgun, trérennsli, silfursmíði, hnífasmíði, húsgagnasmíði og brýnsla.

HANDVERKSNÁMSKEIÐ er gjöf að áhugamáli til framtíðar.



VÖNDUÐ BYRJENDASETT FYRIR:

TÁLGUN - VERÐ FRÁ 10.600 KR

BRENNIPENNA - VERÐ FRÁ 18.600 KR

SILFURLEIR - VERÐ FRÁ 29.800 KR

ÚTSKURÐ - VERÐ FRÁ 19.980 KR

SILFURSMÍÐI OG MARGT FLEIRA



RENNIBEKKUR CRAFT AC240WL

VERÐ: 96.700 KR

- Mikil úrval af trérennibekkjum, rennijárnum og olíum í trérennslið.



TORMEK T-4 VATNSKÆLD BRÝNSLUVÉL

VERÐ: 69.300 KR

- Frábær lausn fyrir þá sem vilja hafa verkfærin sín 100%, ekki aðeins hárbætt heldur að þau endist vel og lengi.



GJAFABRÉF - LYKILLINN AÐ SKEMMTILEGASTA DÓTAKASSA Á ÍSLANDI.

- Þau er hægt að nota í verslun sem og á námskeið í Handverksskólanum. Þú stjórnar upphæðinni! Afhendast á veglegum pappír með umslagi.

HANDVERKS HÚSIÐ

INNIHALDSRÍKAR JÓLAGJAFIR & LÍFIÐ VERÐUR SKEMMTILEGRA

handverkshusid.is - s 555 1212 - Dalvegi 10-14, Kóp



Huawei er framarlega á sviði 5G-tækni.

Huawei tengt við eftirlit stjórnvalda

arib@frettabladid.is

KÍNA Kínverski tæknirísinn Huawei hefur nánari tengsl við eftirlit af hálfu kínverskra stjórnvalda en hann hefur viðurkennt. Þetta kemur fram í skjölum sem Washington Post hefur undir höndum. Um er að ræða meira en hundrað glærusýningar sem merktar eru trúnaðarmál, þar sem fyrirtækið segir að tækni þess hjálpi stjórnvöldum að bera kennsl á raddir fólks, fylgjast með pólitískum skoðunum þess og aðstoða við að beina notendum inn á rétta, hugmyndafræðilega braut.

Í yfirlýsingu frá Huawei segir að þar innandyra kannist enginn við slíka tækni og fyrirtækið vinni af heilindum. ■



Devonport er í norðurhluta Tasmaníu.

Fimm börn létust í hoppukastalaslysi

arib@frettabladid.is

ÁSTRALÍA Fimm börn létust þegar hoppukastali þeyttist rúma tíu metra upp í loftið áður en hann skall til jarðar. Þrjú börn til viðbótar liggja alvarlega slösuð á spítala. Börnin eru á aldrinum 10 til 12 ára. Nemendur voru að fagna skóla-lokum í Hillcrest-barnaskólanum í Devonport þegar slysið varð.

Ástralska þjóðin sýndi mikinn samhug og söfnuðust 200 þúsund Ástralíudóllarar á stuttum tíma, tæpar 19 milljónir króna, fyrir aðstandendur. ■

Mikil ásókn í íbúðir meðal tekjulágra íbúa í Reykjanesbæ og á Akureyri

Aukin eftirspurn eftir íbúðum og minna framboð hefur haft áhrif á möguleika íbúa til að fjárfesta í húsnæði með hlutdeildarláni.

bth@frettabladid.is

FASTEIGNIR Íbúar í Reykjanesbæ, Akureyringar og þeir sem búa í pósthúsi 108 í Reykjavík eru áberandi í hópi þeirra sem hafa fengið hlutdeildarlán til fasteignakaupa á árinu.

Alls hafa 294 fengið greidd út hlutdeildarlán síðan stjórnarfrumvarp Ásmundar Einars Daðasonar ráðherra varð að lögum, fyrir rúmu ári. Heildarfjárhæð lánanna er 2.438 milljónir króna. Í svörum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að af þessum lánum hafa 49 lán farið til íbúa í Reykjanesbæ, 44 hafa farið til Akureyrar og 35 lán hafa verið veitt til íbúa í pósthúsi 108. Þar fóru tvær byggingar í sölu, við Síðumúla og Grensásveg eftir miklar endurbætur, sem skýrir fjöldann þar. Af öðrum svæðum þar sem lánin hafa notið vinsælda má nefna Grafarvog.

Hlutdeildarlánin eru ætluð eignalitlum og tekjulágum. Kaupandi leggur fram fimm prósent sjálfur af kaupverði í útborgun og tekur húsnæðislán fyrir 75 prósentum kaupverðs. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) veitir svo hlutdeildarlánin, fyrir allt að 20 prósentum kaupverðs. Askilið er að festa verður kaup á nýju húsnæði eða mikið endurbættu, ef húsnæðið er utan höfuðborgarsvæðisins.

Karlotta Halldórsdóttir, hagfræðingur hjá HMS, segir að eftirspurn eftir hlutdeildarlánum hafi verið í samræmi við væntingar. Hins vegar hafi orðið umtalsverð eftirspurnaraukning almennt á fasteignamarkaði, sem leiði af sér að færri eignir séu til sölu. „Það hefur dregið niður fjölda þeirra sem ná að nýta sér hlutdeildarlán þessi misserin,“ segir Karlotta.


„Það hefur verið slegist um



Mikil sókn er í hlutdeildarlánin á Akureyri og í Reykjanesbæ, 93 af 294 veittum lánum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Fjöldi lána skipt niður á pósthúmer



minni, hagkvæmar íbúðir, sem hefur haft töluverð áhrif á þennan kaupandahóp.“

Þá segir Karlotta að vaxtahækkunar hafi vissulega áhrif og hækki afborganir lána, sem hafi áhrif á greiðslugetu. Þetta geti leitt til þess að umsækjendur þurfi að fjárfesta í ódýrari fasteign en ella. Vaxtahækkunir eiga þó bara við um óverðtryggt lán og því gæti líka

skapast aukinn hvati fyrir fólk að velja fremur verðtryggt lán með lægri greiðslubyrði.

Spurð hvort lánin eigi þátt í þenslu á markaði, segir Karlotta að frekar mætti segja að það gæti skapast þenslu ef hægt væri að kaupa allar eignir með hlutdeildarlánum. „Með því að takmarka úrræðið við nýjar eignir og fyrstu kaupendur teljum við að úrræðið hafi ekki

teljandi áhrif á markaðinn.“

Engir vextir eða afborganir eru af hlutdeildarláni. Lántaki endurgreiðir lánið þegar hann selur eignina, eða við lok lánstíma. Hlutdeildarlánið er veitt til tíu ára en heimilt er að framlengja lánstímann um fimm ár í senn, mest til 25 ára alls. Hlutdeildarlánið fylgir verðbreytingu eignarinnar og hækkar því og lækkar í samræmi við hana. ■

Mmm ...

Þú færð hamborgarhrygginn hjá okkur!

Ódýrt

Sérvalinn hryggur án hryggjar-súlu!

Ekkert ves í des



Hamburgarhryggur með beini

1399

kr. kg



Nóatúns Hamburgarhryggur

1998

kr. kg

KRONAN

[f](#) [i](#) [g](#)

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Hreint loft betri heilsa

– góð jólagjöf

Honeywell gæða lofthreinsitæki

Loftmengun er hættuleg heilsu og lífsgæðum. Honeywell lofthreinsitæki eru góð við myglugróum, bakteríum, frjókornum, svifryki, lykt og fjarlægir allt að 99,97% af ofnæmisvaldandi efnum.



HA010E hægt að þvo síuna. Verð kr. 16.890



HFD323E Air Genius 5. Hreinsar allt að 99.9% af óhreinindum. Hægt að þvo síuna. Verð kr. 39.420



HPA710WE HEPA sía, gróf sía, kola sía, ION kerfi. Hreinsar allt að 99.97% af óhreinindum. Hjóðlát stilling. Verð kr. 59.100

Láttu þér og þínum líða vel - innandyrá

Honeywell



Vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is



Hilmar Kolbeins hefur ekki fengið að fara aftur heim til sín í rúma sjö mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

Fær ekki að fara heim vegna þjónustuskorts hjá borginni



Helena Rós
Sturludóttir
helenaros
@frettabladid.is

Hilmar Kolbeins lagðist inn á spítala í lok febrúar og átti að útskrifast í maí. Jólin nálgast og er hann ekki enn þá kominn heim, vegna skorts á þjónustu frá Reykjavíkurborg. Klukkan tifar og bótamissir blasir við að óbreyttu.

helenaros@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Það var aldrei sagt við mig þegar ég fór út af heimilinu mínu að ég myndi ekki snúa til baka,“ segir Hilmar Kolbeins, sem er 45 ára og hefur dvalið á hjúkrunarheimili síðan í október.

Hilmar er fjölfatlaður og hefur



Það var aldrei sagt við mig þegar ég fór út af heimilinu mínu að ég myndi ekki snúa til baka.

frá árinu 2011 búið einn og notið þjónustu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu, ásamt ráðgjafarþjónustu á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Þar áður hafði Hilmar búið ásamt móður sinni, allt þar til hún lést árið 2010.

Lauk meðferð í maí

Í lok febrúar síðastliðins þurfti Hilmar að leggjast inn á Landspítala vegna meðhöndlunar á legusárum og gekkst þar undir aðgerð. Þeirri meðferð lauk í maí og sendi þá spítalinn beiðni um að Hilmar fengi að snúa aftur heim eins og áætlað var og óskað var eftir að heimahjúkrun tæki aftur við honum.

Þeirri beiðni var hafnað og nú, sjö mánuðum síðar, hefur Hilmar enn ekki fengið að fara aftur heim.

„Ég lá á spítala í sjö mánuði, þangað til að ég gat ekki meir,“ segir Hilmar. Aðspurður af hverju beiðni hans um heimahjúkrun hafi verið hafnað segir hann að ýmsar ástæður hafi verið gefnar, „sagan var alltaf að breytast.“

Að sögn Hilmars hafði hann margoft spurt hvenær hann fengi að fara heim. Á endanum var honum gefin sú ástæða að ekki væri pláss fyrir hann. „Þetta er mín íbúð – þetta með pláss gekk engin veginn upp. Svo komu alltaf aðrar sögur og á endanum var mér bent á lögmann.“

Sjö mánuðir á spítala

Hilmar segir að þegar til hafi staðið að hann færi í innlögn á Landspítala vegna legusára sinna hafi hann aldrei átt von á því að fara aldrei aftur heim. „Mér var sagt að ég yrði kannski svölitið lengi á spítalanum út af þessu sári, þetta yrðu kannski fjórar til fimm vikur. Ég pakkaði niður fötum eftir því.“

Það var aldrei sagt að ég myndi ekki snúa til baka. Það var ekki fyrr en þeir [spítalinn] fara að undirbúa útskrift hjá mér, þá er sent bréf um að þjónustu sé hætt og við tekur þessi eltingaleikur við kerfið,“ segir Hilmar.

Eftir sjö mánaða dvöl á spítalanum var tekin ákvörðun um að Hilmar færi í hvíldarinnlögn á hjúkrunarheimili í nokkrar vikur og átti hann að útskrifast þaðan 6. desember síðastliðinn.

Sú útskrift gekk ekki eftir, nokkrum sólarhringum áður átti Hilmar von á að verða sendur aftur á spítalann vegna úrræðaleysis. „Mér var gefinn kosturá að vera á hjúkrunarheimili, þar sem ég hef ákveðið frelsi, eða fara aftur á spítalann.“

Því fór sem fór, dvöl hans á hjúkrunarheimilinu var framlengd til 2. janúar.

Á heimili

Aðspurður hvað tekur við þá segist Hilmar ekki vita það. „Ég er búinn að búa mig undir að fara aftur á spítalann – undirmeðvitundin segir það.“

Hilmari hefur verið boðin búseta á hjúkrunarheimili til frambúðar. Hann segir að það hafi aldrei komið til greina hjá sér að hann færi inn á hjúkrunarheimili. „Ég á heimili.“

Að sögn Hilmars er hann allt of ungur til að búa á elliheimili, „ég er bara 45 ára.“

„Mér hefur verið sagt af nokkrum aðilum að ef ég festist hérna inni, ef ég þigg varanlega vist á hjúkrunarheimili – yrði erfitt fyrir mig að komast aftur út.“

Hefur engin réttindi

Hilmar bætir við að í kjölfarið myndi hann missa öll sín réttindi. „Ég missi öll hjálpartæki, ferðaþjónustuna, sjúkraþjálfun og bifreiðastyrk. Ljótt að segja það, en þá er ég bara kominn í fangelsi.“

Að sögn Hilmars hafa samskipti við vini og fjölskyldu verið af skornum skammti í þann tíma sem hann hefur dvalið utan heimilis síns. „Hluti af mínum vinum vill ekki fara á spítala og þeim finnst ekki

gaman að fara og hitta ungan vin sinn á elliheimili.“

Hilmar segist ekki hafa neitt út á hjúkrunarheimilið sjálft að setja, hann hafi rúmgott herbergi. Hins vegar sé þetta umhverfi sem henti manni á hans aldri alls ekki.

Á meðan Hilmar dvelur á hjúkrunarheimilinu í hvíldarinnlögn, hefur hann engin réttindi. „Ég get ekki leitað til félagsráðgjafa, þau mega ekki sinna mér. Ég er innan gæslalappa í hvíld og ég á ekki rétt á neinu.“

Hilmar fær ekki að fara í sjúkraþjálfun, en fær afnot af líkamsræktartækjum á hjúkrunarheimilinu. Sjúkratryggingar greiða ekki fyrir einstaklinga á tveimur stöðum, á meðan þær greiða fyrir dvöl Hilmars á hjúkrunarheimilinu fellur annað niður.

Heilsu hans fer hrakandi á meðan hann fær ekki sjúkraþjálfun. Hilmar er með fjörlíma lömum og var gangandi fyrir nokkrum árum en er nú kominn í hjólastól.

Hilmar segir borgina ýta sér í áttina að búsetu á hjúkrunarheimili – honum hafi í raun ekki verið gefinn neinn annar kostur sem stendur.

Að sögn Hilmars mun hann missa öll sín réttindi ef hann fær ekki að fara heim fyrir lok janúarmánaðar. Ástæðan sé sú að hann hafi ekki búið heima hjá sér í tólf mánuði og við það falla hans réttindi úr gildi.

Gerist það mun hann í kjölfarið missa íbúð sína vegna skertra bóta.

Ekki benda á mig

„Það hefur verið mjög erfitt að fá svör frá Reykjavíkurborg um það hvað þau ætla sér. Það er eins og þau hafi ekki búið við að ég myndi hafna varanlegri hjúkrunarvist.“

Fréttablaðið hefur undanfarið fjallað um málefni ungs fatlaðs fólks sem dvelur á hjúkrunarheimilum, sum þeirra gegn vilja sínum. Fjöldinn hefur farið vaxandi síðustu ár vegna úrræðaleysis. Nú búa 144 fatlaðir einstaklingar, sem eru undir 67 ára, á hjúkrunarheimilum.

Ríki og sveitarfélög benda hvert á annað um veitingu þjónustu til þessa hóps. ■

Jólatilboð

Opið
alla
helgina



Fjöldi jólatilboða
á www.grillbudin.is

16"
Kr. 79.900


Fullt verð 89.900

Einnig til 23", 18" og 14"

Smíðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 554 0400

Grillbúðin
www.grillbudin.is

20% afsláttur af öllum leikföngum



Úrval af skemmtilegum leikföngum í jólapakkann

20% afsláttur

ÖLL SPIL

20% afsláttur

ÖLL PÚSL

20% afsláttur

ÖLL LEIKFÖNG

20% afsláttur

ALLIR BANGSAR

20% afsláttur

Verður úrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 19. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytingar.

Hátíða afgreiðslutímar

17. - 20. des	10 - 20
21. - 23. des	10 - 21
24. des	10 - 14
25. - 26. des	Lokað
30. des	10 - 20
31. des	10 - 15
1. jan	Lokað


Allir afgreiðslutímar á bonus.is

*Smáratorg, Skeifan og Spöng
21. - 23. des opið frá 10 - 23

BÓNUS



Topp 10 listinn



1



2



3



4



5



6



7



8



9



10

2.498
kr./kg



Norðlenskt
kofareykt

Kjarnafæði kofareyktur
hangiframpartur
úrbeinaður

3.598
kr./kg



Norðlenskt
kofareykt

Kjarnafæði kofareykt
hangilæri
úrbeinað

398
kr./pk.



350 ml



Íslenskur lax
reyktur eða grafinn

2.999
kr./kg

798
kr./kg



Stjörnugrís grísabógur
ferskur eða reyktur
af nýslátruðu

1.798
kr./kg

m/beini



Ali
Hamborgarhryggur

Það farsælasta



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Engin ástæða er til að nöldra yfir áframhaldandi tilvist ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur. Kosningaúrslitin kölluðu beinlínis á að samstarf Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks yrði endurnýjað undir stjórn hins framúrskarandi forsætisráðherra. Annar möguleiki kom svo að segja aldrei til greina.

Allar ríkisstjórnir þurfa aðhald, einnig þessi ágæta ríkisstjórn. Stjórnarandstaða landsins er hins vegar ekki sérlega burðug og mjög líklega munu stjórnarflokkarnir eiga auðvelt með að kveða hana í kútinn. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að stjórnarandstaðan verði samstiga, hún er saman sett af svo ólíkum flokkum með svo mismunandi áherslur að vonlaust er að hún muni ganga í takt. Það sem er mun verra er að stjórnarandstöðuna skortir sannfæringarkraft. Engir leiðtogar hennar tala fyrir frjálsslyndri framtíðarpólitík. Í einum flokki er stöðugt galað um grasserandi og ógeðslega spillingu í íslensku samfélagi. Í enn öðrum flokki er æpt um hroðalegan illvilja ríkisstjórnarinnar í garð fátækra. Þriðji flokkurinn boðar töfralausnir í gegnum Evrópusambandið og evruna. Sá fjórði vísar frá sér frjálsslyndi og umburðarlyndi og hefur einstakt lag á að leggja vondum málstað lið. Fimmti flokkurinn hefur valið að taka afstöðu til mála hverju sinni út frá skoðanakönnunum og pólitískum rétttrúnaði.

Þetta er ekki sannfærandi pólitík hjá stjórnarandstöðunni. Einhver spilling finnst örugglega í íslensku samfélagi, eins og öðrum, en hún mætir okkur ekki á hverju götuhorni. Fátækt finnst hér einnig og á henni þarf að taka, en fátækt er að halda því fram að ríkisstjórnin leggi sig fram við að viðhalda henni. Svo er það einu sinni svo, jafn leiðinlegt og sumum kann að þykja það (og sú sem þetta skrifar er þar á meðal), að þjóðin hefur því miður engan áhuga á inngöngu í Evrópusambandið og vill halda í krónuna. Alls ekkert bendir til að það muni breytast í framtíðinni. Einnig blasir við að flokkur sem tekur sér stöðugt stöðu með afturhaldi á ekkert erindi við samtímann. Ekki ætti svo að þurfa að hafa mörg orð um hversu ömurleg pólitík það er að taka afstöðu út frá skoðanakönnunum. Og stjórnarmálflokkur sem umfaðmar pólitískan rétttrúnað getur beinlínis orðið hættulegur – skemmtilegur verður hann allavega aldrei.

Hún er áleitun hugsunin um að núverandi stjórnarsamstarf sé það farsælasta í stöðunni. ■

Halldór



Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

Talningarmenn

Stefna ríkisstjórnarinnar um að senda sérfræðiverkefni út á land er strax byrjuð að bera ávöxt. Ekki skrytið, því allir okkar færustu lögfræðingar eru í Norðvesturkjördæmi þar sem náðin er mikil og allir geta gengið í störf annarra. Bragi Axelsson hefur náð undraverðum árangri í að gera allt vitlaust hjá Innheimtustofnun Sveitarfélaga á Ísafirði, þaðan sem hann var sendur í leyfi. Hefur hann nú meiri tíma til að sinna talningarmálum í kjördæminu, ásamt því að selja fasteignir með Inga Tryggvasyni.

Leðurblakan sýknuð

Hefur nú komið í ljós að kófið á ekki uppruna sinn í hóstandi, kínverski leðurblöku. Var veiran líklega búin til á rannsóknarstofu. Er þetta enn eitt dæmið um veruleika sem er miklu óskemmtilegir en hann ætti að vera. Í myndum eins og nýjustu Köngulóarmyndinni sem er frumsýnd í dag, þá valda lekar af rannsóknarstofum ofurkröftum. Eins gaman og það væri að skipta veikindum út fyrir að geta klifrað upp vegg, þá þyrftum við að mæta þeim sem trúá ekki á köngulær, vilja ekki bólusetningu gegn Doc Ock og þá sem krefjast þess að fólk sem þrífur ekki vefinn sinn utan af háum byggingum, verði sett í einangrun. ■

Yngri börn í leikskóla



Skúli Helgason
borgarfulltrúi
Samfylkingarinnar og formaður
skóla- og frístundaráðs

Börn voru að jafnaði 19 mánaða gömul þegar þau höfu dvöl í leikskóla í Reykjavík á þessu hausti. Langflest leikskólabörn eru yngri en tveggja ára þegar þau byrja í leikskóla eða 78% og hefur hlutfallið hækkað verulega frá 2018, þegar innan við helmingur barna (46%) var á þeim aldri. Nærri 40% barna eru yngri en 18 mánaða við inntöku í leikskóla.

Þetta var kynnt í skóla- og frístundaráði í vikunni með nákvæmari upplýsingum en áður um inntökualdur barna. Fyrrri gögn höfðu gefið til kynna að inntökualdur barna væri mun hærri, en þá var ekki búið að taka tillit til þess að mörg börn flytjast á milli leikskóla að ósk foreldra og eru gjarnan fjögurra til sex ára, sem vitanlega hefur veruleg áhrif á meðaltalið. Þá eru flest börn sem eru þriggja ára og eldri þegar sótt er um vistun nýflutt til borgarinnar frá öðrum sveitarfélögum eða löndum.

90% í hverfisleikskóla

Mikill árangur hefur náðst í að tryggja börnum leikskóla í heimhverfi þeirra og eru nú um 90% barna í leikskóla í sínu hverfi. Öllum börnum sem voru orðin 18 mánaða eða eldri þann 1. september var boðið pláss í leikskóla í haust, en Brúum bilið aðgerðaáætlunin hefur meðal annars það markmið að fjölga plássum sem tekin eru í notkun yfir vetrartímann og nýttast þá börnum sem fædd eru á síðari hluta ársins.

600 börn til viðbótar

Á næsta ári, 2022, fjölgar leikskólaplássum til muna og stefnir í að hægt verði að taka á móti að minnsta kosti 600 börnum til viðbótar á árinu. Þá verða opnaðir meðal annars nýir leikskólar í Safamýri, við Kleppsveg, við Eggertsgötu, Nauthólsveg og víðar, leikskólar í Grafarvogi og Vesturbæ stækka og svo mætti áfram telja. Með öllum þessum nýju plássum mun aldur barna við inntöku í leikskóla borgarinnar lækka verulega, en takmarkið er að börn frá 12 mánaða aldri komist í leikskóla borgarinnar fyrir lok árs 2023. ■

Þá verða opnaðir meðal annars nýir leikskólar í Safamýri, við Kleppsveg, við Eggertsgötu, Nauthólsveg og víðar.

Barstólar fyrir heimilið

Sjá nánar á patti.is



Sófar • Rúm • Stólar • Borð • Hægindastólar

Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is

Patti
HÚSGÖGN

Jóla jóla

Í dag



Guðmundur Steingrímsson

Klukkan er hálf níu. Ég keyri í morgunumferðinni. Jólin eru handan við hornið. Ég hugsa: Vá, hvað það er jólalegt! Djók.

Það er ekkert jólalegt. Í útvarpinu er viðtal við mann út af ómíkron. Regnið bylur á rúðunni svo rúðupurrkurnar hafa varla undan. Endurskinslausir gangandi vegfarendur hálfhlaupa í keng á vegarkantinum líkt og lífið sé tölvuleikur og ég fái stig fyrir að sjá þá gegnum móðuna. Stundum er eins og tilvistin geri árlegt grín. Hvernig getur nokkur manneskja hrokkið í jólasþap undir svona kringumstæðum norður við heimskautsbaug í myrkri og slagviðri?

Auðvitað eru til nokkrar klassískar leiðir til þess að komast í jólagirinn. Sé maður inni, heima hjá sér, er hægt að gera huggulegt með réttum birtuskilyrðum, setja ljúfa jólatóna á fóninn og láta regnið og myrkið fyrir utan verða sér að áminningu um það, að á jölunum er gott að leita inn á við. Finna ró. Njóta samveru við sína nánustu í vari frá heimsins vágstum. Eða eitthvað. Kannski næst þetta ástand alla vega um stundarsakir.

En svo er líka hægt að fara hina leiðina, sem er alltaf álitleg. Að hugsa um hvernig jólin gætu orðið verri. Í jólahaldi samtímans er svo margt sem getur farið úrskeiðis. Kannski er það einmitt leiðin að jólasþapinu, að finna til þakklætis yfir því að hlutir gangi nokkurn veginn stóráfallalaust fyrir sig. Ef allt fer í köku má svo að sama skapi reyna að finna leiðir til að fagna í æðruleysi sviptivindum lífsins.

Augljósasta hættan, og kannski sú mest krefjandi, er að fjölskyldan lendi í sóttkví eða einangrun. Jólahald að þessu sinni snýst um að finna hina hárréttu línu á milli þess að forðast fólk og vera þokkalega félagslyndur. Fadma einungis með augunum. Vera nálægur, en samt fjarlægur. Eitt feilsþor, eitt tilviljanakennt samneyti, getur sett jólahald úr skorðum. Hér reynir á jólasþapið. Hvað skal gera? Er mögulegt að maður myndi, kæmi til einangrunar, láta hjá líða að bryðja glerbrot í bræði yfir óréttlæti heimsins? Myndi maður ekki eyða jölunum í samanherptu tuldri, eða er mögulegt að kærlekurinn gæti þrátt fyrir allt brotist í gegn? Eru jólin orðin að persónuleikaprófi? Áskorun andans?

Margt annað getur líka farið á versta veg, sumt tengt heimsfaraldri en annað ekki. Nokkur dæmi:

1. Óbólusetti ættinginn

Allir ættu að gera í huga sínum áætlun um það hvað gera skuli þegar óbólusetti ættinginn sem hefur lesið vísindagrein fer á flug í síðari hluta jólabóðs. Ég hallast að því að best sé að segja sem minnst, en æfa góða, skilningsríka svipi og treysta á að boðinu ljúki fyrr en síðar. Aldrei rökræða.

2. Gamli skilur ekki vegan

Þessi vandi verður sífellt algengari. Yngri fólk er orðið vegan. Gamla fólk hefur sterka tilhneigingu til að líta á allt slíkt sem atlögu að íslenskum landbúnaði. Stóru orðin eru ekki spöruð. Reynt er að spauga, en með beittum broddi. Í miðri slíkri orrahrið, oft napurri, getur

verið erfitt að lenda. Hér gildir að standa með þeim yngri, en móðga ekki eldri. Aftur reynir hér á lengd bóðsins og úthald, en jafnframt hæfni í að brydda upp á öðrum umræðuefnum.

3. Tækniörðugleikar

Margir ákveða að fara sem minnst út í búð að þessu sinni út af veirunni. Sumir gætu tekið þá framsæknu ákvörðun að gefa ömmu sinni eða afa í jólagjöf áskrift

að skemmtilegu smáforriti, eins og til dæmis hugleiðsluforritinu Headspace. Hér er hættan sú að aðfangadagskvöldi verði eytt í það, í pirringskasti, að finna gleymd Apple ID og lykilorð inn í Appstore.

4. Fulla frænkan/frændinn

Margir, sífellt færri þó held ég, búa við þá hættu að í jólabóði sturti ættingi í sig og vilji efna til rökræðna um til dæmis stjórnmál yfir hangikjötinu. Þegar hann er búinn að lýsa

því yfir þrjátíu sinnum að þétting byggðar sé samsæri öfgaafli er gott að panta leigubíl svo lítið beri á.

Á jölunum er bæði hægt að fagna því að ekkert slæmt gerist, en líka iðulega hægt að hlæja ef það gerist. Einu sinni elduðum við hjónin hamborgarhrygg fyrir stórfjölskylduna. Við uppgötvuðum þegar allir voru sestir að við höfðum bara kveikt á ljósinu í ofninum en ekki á ofninum sjálfum.

Þetta var erfitt á meðan á því


stóð. En við höfum hlegið að því alla tíð síðan.

Niðurstaða? Jólaskapið er ekki viðvarandi ástand sem nær óslitið yfir heilu vikurnar — eitthvað sem maður hrekkur í og maður brosir samfleytt. Jólaskapið er marghliða tilfinning, hugarleikfimi og mis-krefjandi viðhorfsæfingar, nálgun á daglegt líf í hátiðarbúningi og, ef vel tekst til, fögnuður yfir ófyrirsjáanlegri og ófullkominni tilvist. Gleðileg jól! ■



„Sögurnar í bókinni eru afar vel byggðar, þær eru bæði dramatískar og launfyndnar, og afslappaður stíllinn er lipur, tær og fagur – þetta er sannkallaður ánægjulestur.“

Einar Falur Ingólfsson / Morgunblaðið



Hér skrifar Ísak Harðarson af djúphygli og hlýju um leitina að sannleikanum og hamingjunni.



Innbundin



Rafbók



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

Viðvörðunarbjöllur klingja fyrir jólavertíðina

Þegar einn skemmtilegasti tími ársins í ensku úrvalsdeildinni er fram undan er allsendis óvíst hvort deildin sé á leiðinni í tímabundið hlé. Kórónaveiran hefur fundið sér leið inn í fjölmörg lið og fjölgar sífellt leikjum sem fresta þarf vegna smita í leikmannahóp.

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Í gær var fimm leikjum í ensku úrvalsdeildinni sem áttu að fara fram um helgina frestað vegna Covid-19 smita innan félaganna og var óvíst hver næstu skref yrðu þegar Fréttablaðið fór í prent. Búið er að herða sóttvarnareglur en það virðist hafa gerst of seint þar sem mörg félög eru í stökustu vandræðum og nokkur hafa þurft að loka æfingavæðum vegna hættu á frekari útbreiðslu smits innan liðanna. Áður var búið að fresta fjórum leikjum á stuttum tíma af sömu ástæðu.

Íðulega er jólavertíðin einn skemmtilegasti tími ársins fyrir áhorfendur ensku úrvalsdeildarinnar. Á sama tíma og aðrar sterkustu deildir taka sér vetrarfrí og leikmenn fá tíma til endurhæfingar er leikjadagskráin í ensku úrvalsdeildinni þéttskipaðri en nokkru sinni fyrir. Oft fá félög ekki nema tvo sólarhringa á milli leikja en þetta fyrirkomulag er ekki allra. Erlendir knattspyrnustjórar á borð við Pep Guardiola og Jürgen Klopp hafa um árabil kallað eftir því að létt verði á álaginu yfir jólavertíðina, fyrir daufum eyrum.

Um leið markar jólavertíðin ákveðin kaflaskil í ensku úrvalsdeildinni. Á þessum tíma skýrast línurnar með framhaldið, hvaða lið koma til með að berjast um titilinn og hvaða félög eiga eftir að berjast fram í raðan dauðann fyrir því að lengja dvöl sína í efstu deild.


Á sama tíma virðist ekkert lát vera á fjölgun smita innan ensku úrvalsdeildarinnar. Breskir fjölmiðlar fullyrtu í gær að ákvörðunin um að fresta leik Manchester United og Brighton um næstu helgi hefði verið tekin í ljósi þess að félagið yrði aðeins með sjö leikfæra leikmenn um helgina. Þeir voru aðeins níu fyrir í vikunni þegar frestað var leik liðsins gegn Brentford, sem er einnig að glíma við smit innan síns leikmannahóps þar sem þrettán hafa greinst með Covid-19.

Fyrir vikið hafa þjálfarar á borð



Ekki er búið að gefa út hvaða einstaklingar hjá Manchester United eru smitaðir en Cristiano Ronaldo smitaðist fyrir á þessu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY



Margir stuðningsmenn Watford voru komnir 330 kílómetra til að sjá lið sitt gegn Burnley þegar leiknum var frestað tveimur tímum fyrir upphafsflaut.



Watford mun endurgreiða stuðningsmönnum sem ferðuðust á leik sem var frestað á síðustu stundu.

við Mikel Arteta hjá Arsenal og Thomas Frank hjá Brentford kallað eftir samræmdum aðgerðum í stað þess að leikjum sé frestað hér og þar.

„Áð mínu mati ætti að fresta öllum leikjum í ensku úrvalsdeildinni um þessa helgi. Það eru að greinast smit hjá öllum félögum og það gengur erfiðlega að kveða þetta niður. Með því að fresta leikjum helgarinnar og umferðinni í enska deildarbikarnum í næstu viku fengju öll félögin rúma viku



Við höfum áhyggjur af stöðu mála, eins og allir aðrir. Við gerum það sem við getum og bólusetning er hluti af því.

Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool

til að reyna að ná kveða niður faraldurinn innanhúss svo að hægt sé að hefja æfingar og keppni á nýjan leik,“ sagði Frank sem bætti við að hann hefði rætt málið við aðra knattspyrnustjóra innan ensku úrvalsdeildarinnar og fundið fyrir meðbyr.

„Við viljum auðvitað að tímabilið haldi áfram og með þessu eykurdu líkurnar á að hægt sé að hefja leik að nýju á öðrum í júlum. Omikron-afbrigðið er að ná fötfestu úti um allan heim og það skiptir öllu að reyna að ná að tókum á því,“ sagði Frank, sem stýrir nýliðum Brentford.

Þrátt fyrir að hafa samþykkt að fresta fimm leikjum á sex dögum virðast forráðamenn ensku úrvalsdeildarinnar vera tvístígandi. Á miðvikudag kom fram að enska úrvalsdeildin hefði hafnað beiðni Leicester og Tottenham um að fresta leik liðanna sem átti að fara fram í gær en um morguninn á leikdegi var tilkynnt um frestun. Þá synjaði enska úrvalsdeildin beiðni Brighton um að fresta leik liðsins gegn Ulfunum á miðvikudaginn, knattspyrnustjóra Brighton til mikils ama.

Samhliða því að fréttir bárust um frestun leikja birtust fregnir frá Englandi af því að nokkur félög innan ensku úrvalsdeildarinnar hefðu kallað eftir því að deildin yrði stöðvuð yfir jólavertíðina til að hægt yrði að kveða niður þessa bylgu faraldursins. Með því yrði fjórum umferðum frestað og keppni myndi hefjast á nýju ári. Líklegt er að það myndi lengja mótið inn í sumarið en greint hefur verið frá smiti í rúmlega helmingi liðanna í deildinni.

Með því myndi mótið standa lengur yfir og ná inn í sumarið í annað sinn á tveimur árum en það kæmi til með að riðla landsleikjahléinu sem er á dagskrá í upphafi sumarsins. ■

Óttast það versta en vonar það besta

hoddj@frettabladid.is

FÓTBOLTI Fanndís Friðriksdóttir, landsliðskona Íslands í knattspyrnu, óttast að krossband í hné sé slitið. Fanndís meiddist á æfingu með Val í vikunni, en biður eftir því að komast í nánari skoðun.

Komi í ljós að krossband sé slitið er ljóst að Fanndís missir af öllu næsta tímabili og þar með Evrópumótinu, sem íslenska landsliðið er á leið á næsta sumar. Landsliðskonan biður og vonar það besta en óttast það versta. „Ég held að ég hafi bara stigið vitlaust niður, ég fer í segulómum á þriðjudaginn og veit þá nákvæmlega hvað kom fyrir. Ég fann bara að það gerðist eitthvað,“ sagði Fanndís í samtali við Fréttablaðið.

Þessi 31 árs gamli sóknarmaður hefur haft mikið fyrir því að komast aftur í sitt besta form, hún eignaðist sitt fyrsta barn á síðasta ári en hefur



Fanndís Friðriksdóttir biður milli vonar og ótta.

FRÉTTABLAÐIÐ/
STEFÁN

unnið hörðum höndum að því að koma sterk til baka. „Ég missti af stórum hluta þessa árs út af barn-eign, ég var að komast í form og var byrjuð að elska það að mæta á æfingar aftur. Það er allt næsta ár í húfi. Ég lifi bara í voninni að þetta sé liðþófi frekar en krossband.“

Fanndís hefur spilað 109 landsleiki fyrir Ísland og verið algjör lykilmáður í mögnum árangri kvennalandsliðsins síðustu ár. Þá hefur Fanndís verið afar sigursæl á Íslandi bæði með Breiðabliki og Val, að auki hefur henni vegnað vel í atvinnumennsku. ■

Gefðu góðar minningar

Jólagjafabréf Heimsferða komin í sölu!

10.000 og færð 15.000

20.000 og færð 30.000

40.000 og færð 60.000

595 1000

Heimsferðir



FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA
MELTING & BÓLGUR



www.celsus.is



„Ég ólst upp við þá hefð að vakna við heitt súkkulaði og að allar helstu jólaþæsingar væru teknar fram á fallett jólaborð. Mér finnst gaman að halda í þessa hefð frá mómmu minni,“ segir Edda, sem heldur hér á yngsta barninu, Eíði Daða, sem nú upplifir sín fyrstu jól.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Mikið keppnissskap í desember

Á aðventunni njóta margar fjölskyldur þess að dunda sér saman í eldhúsinu og eiga sínar helstu gæðastundir þar. Edda Hermannsdóttir, hagfræðingur og markaðs- og samskipta-stjóri Íslandsbanka, er ein þeirra sem njóta stundanna í eldhúsinu með sínu fólki. **2**

Þú færð sparifötin þín í Curvy

Ný sending af fallegum kjólum & blússum í stærðum 42-58

sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
Eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Breyttur opnunartími í desember

Laugardagur 18 des frá kl. 11-18

Sunnudagur 19 des frá kl. 11-18

20-23 desember frá kl. 11-20

24 desember frá kl. 10-13

SENDUM FRÍTT
EF PANTAD ER FYRIR
5.000 KR Eða MEIRA



Jóla kjóll
8.990 kr



Kaffi Curve
skyrta kjóll
14.990 kr



Kaffe Curve kjóll
14.990 kr



Zizzi Blússa
11.990 kr



Blúnda skyrta
8.990 kr

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Icebreaker

Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.



Everyday ♂
Siðerma
12.990 kr.



Everyday ♂♀
Leggings
12.990 kr.



Oasis ♂♀
Siðerma
14.990 kr.



Barna leggings 🐾
8.590 kr.



Barna bolur 🐾
8.590 kr.



Zone ♀
Siðerma
19.990 kr.



Anatomica ♂
Nærbuxur
6.590 kr.



Flexi Chute ♂♀
Hlý buff
4.990 kr.



Hike+ Light ♂♀
Sokkar
3.990 kr.



Sprite Racerback ♀
Toppur
8.490 kr.



Vertex ♀
Leggings
17.990 kr.



Vertex ♀
Hálfrennd
22.990 kr.



Quantum ♂♀
Rennd
27.990 kr.



Siren Tank ♀
Hlýrabolur
8.390 kr.



Sonebula ♀
Upphár kragi
15.990 kr.



Tech Lite ♂♀
Stutterma
11.990 kr.



Tech Lite ♂
Póló
13.990 kr.



Oasis ♂
Hálfrennd
15.990 kr.

GG SPORT
Stingum af ...



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is

@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími jóla: Virkir dagar 10:30 - 18, Laugardaga 11-17, Sunnudaga 12-16

Höldum í gamlar hefðir, skötuveizluna heim!

Fiskibíllinn í samvinnu við Djúpið fiskvinnslu á Granda verður á ferðinni í desember með allt það sem þarf í hina fullkomnu skötuveizlu eins og þær gerast bestar.



Tökum skötupantanir fyrir einstaklinga, fyrirtæki, mótuneyti og félagasamtök.

Hægt er að leggja inn pöntun á panta@djupidfiskvinnsla.is og í síma 419 1550



Fyrir utan hina rómuð skötu, unna á gamaldags hátt af Djúpinu þá er Fiskibíllinn með hamsa, saltfisk og fleira girnilegt úr Djúpinu.

Fylgist með því FISKIBÍLLINN er á ferðinni!



Djúpið
FISKVINNSLA



Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggtur málarameistari. Löggtir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is
malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggtur Rafvertaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Til sölu

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

JS LJÓSAMIDJAN
VÉLAVERKSTEDI
SLÁTTUVEIÐLAÞJÓNUSTAN
Skemmuveggi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

LED leiðiskrossar

- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

Heilsa

Heilsuvörur

gott cbd.is

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

Þróun Sundahafnar

Mat á umhverfisáhrifum
Kynning á umhverfismatsskýrslu

Kynningarfundur í Íslenska Sjávaráskilunum
Grandagarði 16, kl. 17 þriðjudaginn 21. desember 2021.

Á næstu árum hyggja Faxaflóahafnir á framkvæmdir í Sundahöfn, m.a. dýpkun á Viðeyjarsundi og gerð landfyllinga. Nauðsynlegt er að fjalla um framkvæmdirnar í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Umhverfismatsskýrsla er um þessar mundir í kynningu hjá Skipulagsstofnun og því boða Faxaflóahafnir til almenns kynningarfundar þar sem farið er yfir niðurstöður umhverfismatsins.

EFLA
VERKFRÆÐISTOFA

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Húnavetningur II

Sameiningarviðræður Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Tillaga um sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Samstarfsnefnd um sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps hefur unnið greinargerð um sameiningu sveitarfélaganna. Með vísan til þeirrar greiningar er það álit nefndarinnar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu sveitarfélaganna í eitt.

Álit nefndarinnar og greinargerð hafa fengið tvær umræður í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna, án atkvæðagreiðslu, samkvæmt 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Atkvæðagreiðsla um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna fer fram laugardaginn 19. febrúar 2022 í báðum sveitarfélögum. Við ákvörðun um kjördag hefur þessi verið gætt að tillagan verði kynnt íbúum með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara eins og áskilið er í 4. mgr. 119. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Jón Gíslason, oddviti Húnavatnshrepps og formaður samstarfsnefndar

Nánari upplýsingar má finna á hunvetningar.is

Farsímamastur Skarðshlíð

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 8. desember 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir farsímamastur í Skarðshlíð.

Tillagan sýnir lóð fyrir mastur sendibúnað farsíma, norðvestan við íbúðarbyggð í Skarðshlíð. Gert er ráð fyrir að mastrið verði 12 m hátt, á lóð sem er 8 x 8 m að stærð. Aðkoma að lóðinni er úr enda Bjargsskarðs.

Tillagan verður til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá 17.12.2021. Auk þess er hægt að skoða tillöguna á hfj.is/skipulag.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað eigi síðar en **26.01.2022** á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eða skriflega í þjónustuver:

Hafnarfjarðarbær
bt. umhverfis- og skipulagssvið
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður

Auglýsing um tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Eiðsgrandi – Ánanaust

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. nóvember 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. desember 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Eiðsgranda - Ánanausts. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitir fyrir áningastað við Sjóvarnargarðinn þar sem hann er hæstur. Við breytinguna færast lega núverandi göngu- og hjólastígs lítilla. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Suður Mjódd

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. nóvember 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. desember 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar vegna lóðanna nr. 2D, 4 og 6 við Álfabakka. Í breytingunni felst m.a. breytt lega götunnar Álfabakka á stuttum kafla við lóðirnar nr. 4 og 6 auk stækkunar á miðlunartjörn Veitna. Jafnframt sökum þess þarf að minnka lóðirnar Álfabakka 2d og 4 og þannig fækka heildarbyggingarmagni á þeim lítilla. Á lóð Álfabakka 6 er innkeyrsla fyrir lóð færð vestar auk þess sem heildarbyggingarmagn A- og B-rýmis minnkar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1. hæð**, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **17. desember 2021 til og með 31. janúar 2022**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 31. janúar 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 17. desember 2021
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INNHOPE ins@e

S A F T

TILKYNNNA ÖVIÐEIGANDI EÐA ÖLÖGLEGT EFNÍ Á NETINU

NÝJUNG
72 KLST. RAKI

NIVEA

VIRKJAÐU INNRI GETU HÚÐARINNAR

3X
MEIRA



NIVEA HYDRA SKIN EFFECT
inniheldur hreint hýalúron
sem virkjar 3x meira af
eigin hýalúroni húðarinnar.
Gefur mikinn raka í 72 klst.
og húðinni meiri fyllingu.

Merkisatburðir

- 1892** Fyrsta tölublað Vogue kemur út.
- 1903** Fyrsta flug Wright bræðra.
- 1914** Tyrknesk yfirvöld reka gyðinga frá Tel Aviv.
- 1957** Bandaríkjamenn skjóta fyrstu langdrægu eldflauginni á loft.
- 1970** Hafranssóknaskipið Bjarni Sæmundsson kemur til landsins.
- 1983** Áttatíu og þrjár farast þegar eldur kemur upp á skemmtistað í Madrid.
- 1985** Brú frá Bústaðavegi yfir Kringlumýrarbraut er opnuð.
- 1986** Bandaríski raðmorðinginn Richard Kuklinski er handtekinn.
- 1989** The Simpsons hefur göngu sína í sjónvarpi.
- 2006** Fréttaskýringabátturinn Kompás fjallar um hneyksli í tengslum við meðferðarheimilið Byrgið.
- 2013** Angela Merkel er kjörin kanslari Þýskalands í þriðja skipti.



Sigurbjörg og Finnboi Bernósdusson safnvörður, við Ósvörina í Bolungarvík, klæddur skinnfatnaði sjómansins við sexæringinn Ólver, sem gefur góða mynd af þeim skipum sem notuð voru til fiskveiða fyrir á öldum.

MYND/ADSEND

Súðbyrtur menningararfur

Formaður Vitafélagsins – íslenskrar strandmenningar, vonast til að nýtilkomin staða súðbyrðingsins hjá UNESCO endurveki hefð bátasmíða á Íslandi.



Smíði súðbyrðinga er fjölbreytt og fer eftir tilgangi þeirra.

MYND/ADSEND

arnartomas@frettabladid.is

Þegar súðbyrðingurinn komst á skrá Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) í vikunni, fylltust Íslendingar ýmist stolti, eða flettu því upp hvað súðbyrðingur væri nú eiginlega. Um er að ræða dæmigerðan norrænan trébat sem hefur fylgt Íslendingum og Norðurlandabúum um aldir og hefur mikinn innbyrðis breytileika sem ræðst af staðháttum og tilgangi, hvort sem þeir voru til fiskveiða, vörulutninga eða fólksflutninga.

„Kannski er merkasta þýðingin fyrir þennan áfanga að nú vita allir hvað súðbyrðingur er,“ segir Sigurbjörg Árnadóttir, formaður Vitafélagsins – íslenskrar strandmenningar. „Við tölum sjaldan um súðbyrðing í íslensku máli, idulega tölum við um arabáta, trébatá og trillur.“

Sigurbjörg útskýrir að súðbyrðingurinn einkennist af smíði hans.

„Þetta gengur út á byggingaradferð bátsins, hvernig ein fjöl skarast við aðra,“ segir hún. „Þá tölum við um súðbyrtan bát.“

Hvati til menningarvörslu
Þá er verkþekkingin að baki súðbyrðingnum komin á lista UNESCO yfir menningararfir mannkyns, sem ná yfir þýðingarmikla starfshætti víða í heim-

“
Kannski er merkasta þýðingin fyrir þennan áfanga að nú vita allir hvað súðbyrðingur er.

inum. En hvaða þýðingu hefur það að menningararfur komist á þessa skrá?

„Þetta hefur margþætta merkingu,“ segir Sigurbjörg. „Þetta krefst þess að við höldum áfram að viðhalda þessari handverkshefð og menningararfleifð sem er einstök.“

Sigurbjörg vonar að viðurkenning súðbyrðingsins verði hvati til þess að við förum aftur að kenna bátasmíði í verkmenntaskólum og víðar á landinu.

„Það er erfitt að læra bátasmíði í dag, við erum búin að glata niður kennslu-efni og öðru,“ segir hún, en bætir við að þó sé einn bátasmíður að útskrifast á næstu dögum. „Það er afskaplega gleðilegt.“

Sigurbjörg vonast til að Íslendingar nýti bæði báta og aðra þætti strandmenningar til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar víða um land. Hún nefnir Ósvör í Bolungarvík, sem samanstendur af tvöfaldrí 19. aldar verbúð, salthúsi, fiskreit og þurrkhjalli, sem gott dæmi um hvernig nota megji menningararfleifðina. ■



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigrúnar Sigurdrifur Halldórsdóttir

Starfsfólk Beyki- og Asparhliðar fær bestu þakkir fyrir hlýja og góða umönnun.

Daði, Rúnar, Kristján, Brynjar, Sigurdrif, Ólafía, Rögnvaldur og fjölskyldur.



Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Pálmar Guðjónsson

kennari,
Hverafold 64,

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 5. desember.

Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, mánudaginn 20. desember kl. 13.00.

Í ljósi aðstæðna þurfa kirkjugestir að sýna fram á neikvætt PCR eða hraðpróf við innganginn sem er ekki eldra en tveggja sólarhringa gamalt. Hlekkur á streymi: www.youtube.com/channel/UCLoNRDNgA4a6tgiEywDCCw

Hildur Björnsdóttir
Briet Friðbjörnsdóttir
Björn Ingvar Pálmarsson
Guðjón Þorsteinn Pálmarsson
Kristján Sturlaugsson
Rósa Huld Sigurðardóttir
Halldóra M. Pétursdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Ingibjörg Þorkelsdóttir

Borgarholtsbraut 71, Kópavogi,

lést 7. desember.

Útförin verður frá Bústaðakirkju mánudaginn 20. desember kl. 13.00 að viðstöddum nánum aðstandendum og vinum.

Fjöldatakmærkanir og grímuskýlda. Upplýsingar um streymi frá athöfninni verða á vef: kirkja.is og www.streyma.is

Porkell Guðnason
Kristín Guðnadóttir
Salome Þorkelsdóttir
Kristín Þorkelsdóttir
Sigurður Þorkelsson
Stefanía Halla Hjálmtýsdóttir
Ásbjörn Björnsson
og fjölskyldur.



Elsku pabbi okkar, tengdapabbi, afi, langafi og langalangafi,

Georg Franzson

fv. garðyrkjubóndi Laugarási, síðast til heimilis að Grænumörk 3, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands aðfaranótt 10. desember. Jarðarförin fer fram frá Skálholtskirkju mánudaginn 20. desember kl. 13.00.

Blóm og kransar eru afþakkaðir.

Vegna fjöldatakmarkana verður einungis nánasta fjölskylda viðstödd, en streymt verður frá athöfninni á skalholt.is og facebook-síðu Skálholts.

Jón Þór Þórólsson
Erla B. Norðfjörð
Hjördís María Georgsdóttir
Ragnheiður Lilja Georgsdóttir
Eiríkur Már Georgsson
Heiðrún Björk Georgsdóttir
Íris Brynja Georgsdóttir
Hafdís Héðinsdóttir
Gunnar Einarsson
Ólafur H. Óskarsson
Steinar Halldórsson
og fjölskyldur.



Kærar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaðir, afa og langafa,

Ingvars Daniéls Eiríkssonar
mjólkurbilstjóra.

Hjartans þakkir færum við starfsfólkinu á Dvalarheimilinu Lundi fyrir góða umönnun.

Eygló Jóna Gunnarsdóttir
Eiríkur Ágúst Ingvarsson
Jón Helgi Ingvarsson
Lisa Björg Ingvarsdóttir
Ásthildur Óskarsdóttir
Ásthildur B. Sigþórsdóttir
Sveinn Valtýr Sveinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



JÓLIN HLJÓMA BETUR MEÐ SAMSUNG HEIMABÍÓI

SAMSUNG The Frame á jólatilboði



Breyttu sjónvarpinu þínu í myndasafn með fallegum listaverkum, öll vinsælu snjöllu sjónvarpsforritin, veggfesting og One Connect box fylgir með, því aðeins ein snúra í sjónvarpið. Nýtt útlit, en nú er það örþunnt og hangir alveg upp við vegg! Til í stærðum frá 43" til 75".

The Frame verð:

Stærð 43" - kr. 159.900,- Stærð 50" - kr. 199.900,-
Stærð 55" - kr. 219.900,- Stærð 65" - kr. 279.900,-
Stærð 75" - kr. 419.900,-

Cyjöfin fæst í

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 OG AKUREYRI

Glæsilegt heimabíó sem stillir hljóðið í samræmi við herbergið. Með: Dolby ATMOS, Surround sound, Q-Symphony, Space Fit Sound+



Soundbar Q710A kr. 79.920,-
á jólatilboði

Glæsilegt heimabíó sem stillir hljóðið í samræmi við herbergið. Með: Dolby ATMOS, Surround sound, Q-Symphony, Space Fit Sound+




Soundbar Q910A kr. 135.915,-
á jólatilboði

SAMSUNG QLED Q60A
á jólatilboði



Stærð 55" kr. 149.900,-
QLED Smart TV - öll vinsælu snjallforritin.

Veðurspá Föstudagur



Minnkandi suðlæg átt, víða 5-10 m/s suðdegis. Súld eða dálítill rigning með köflum, en þurrt að kalla á N-verðu landinu fram á kvöld. Hiti 2 til 8 stig. ■

Skák Gunnar Björnsson



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 lögunar
- 5 óvissa
- 6 tveir eins
- 8 sterkar
- 10 í röð
- 11 flökta
- 12 snikjur
- 13 viðureign
- 15 hryggðar
- 17 ginna

LÓÐRÉTT

- 1 mælieining
- 2 niður
- 3 þrep
- 4 ástand
- 7 hyrningur
- 9 marðardýr
- 12 etja
- 14 stafur
- 16 tveir eins

1	2	3	4		
5			6	7	
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 forms, 5 efti, 6 tt, 8 rammar, 10 mn, 11 íða, 12 snap, 13 leik, 15 angurs, 17 narra, 18 LÓÐRÉTT: 1 fermilla, 2 ofan, 3 tím, 4 stöda, 7 trapisa, 9 minkur, 12 síga, 14 enn, 16 rr.

Lange átti leik gegn Anderssen í Breslau árið 1859.

1...h5!! 2. De1+ Kf8 3. Hf2 hxg4+ 4. Kg1 Dh5 0-1. Rúnar Sigurpálsson vann sigur á Atskákmóti Akureyrar sem fram fór síðustu helgi. Andri Freyr Björgvinsson varð annar og Smári Ólafsson þriðji. EM í atskák í hefst í dag. Fjórir Íslendingar taka þátt. Hægt er að fylgjast með á skak.is.

www.skak.is: EM í atskák og hraðskák ■

Sudoku

			6	3		7	4	
	1	5		9	8			
		3	4					
5					6	8	3	
	8		1			2		
7		2				5		
8	4	1	9			6		
9		4						
		6		2				7


			3	9	5	7	1	
			1			3		
		6						
	4		9	6				
		6						2
		5			2	4		
	4	3				1	5	
		9	7					
8	3	2			1			

Þrautinn felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Geljan



Barnalán



SNÆFELLINGAR

Tillaga um sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar

Samstarfsnefnd um sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar hefur unnið greinargerð um sameiningu sveitarfélaganna. Með vísan til þeirrar greiningar er það álit nefndarinnar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu sveitarfélaganna í eitt.

Álit nefndarinnar og greinargerð hafa fengið tvær umræður í sveitarstjórnnum sveitarfélaganna, án atkvæðagreiðslu, samkvæmt 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Atkvæðagreiðsla um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna fer fram laugardaginn 19. febrúar í báðum sveitarfélögum. Við ákvörðun um kjördag hefur þess verið gætt að tillagan verði kynnt íbúum með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara eins og áskilið er í 4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

17. desember 2021

Eggert Kjartansson, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps og formaður samstarfsnefndar

FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Þetta er náttúrulega lán

Kristbjörg Kjeld stendur um þessar mundir reglulega á sviði Borgarleikhússins í verkinu Er ég mamma mín? Auk þess æfir hún tvö verk fyrir stóru leikhúsin tvö og undirbýr aðalhlutverk í nýju verki sem frumsýna á árið 2023. Þetta þætti kannski ekki í frásögu færandi, nema vegna þess að Kristbjörg er 86 ára gömul og löngu komin á eftirlaun.




Öfgar fæða meiri öfgar

Brynja Huld Óskarsdóttir og **Guðmundur Björn Þorbjörnsson** gera upp heims málin á árinu sem er að líða. Árásin á bandaríska þinghúsið, valdataka Talibana í Afganistan, stíflan í Súesskurði, aðgerðaleysi heimsveldanna í loftslagsmálum og vaxandi öfgahyggja er meðal þess sem ber á góma.

Finnur enn eplailminn


Unnur Jóhannesdóttir fæddist í Reykjavík árið 1929. Hún finnur enn ilminn af jólaeplunum síðan hún var fimm ára og fékk helst bækur í jólagjöf. Unnur lærði myndlist eftir að hún varð áttæð og tók bílpróf á sextugsaldri.




Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi.

Jólabókaflóð

Verðslanir okkar eru stútfullar af spennandi bókum



Laugavegur
9.999 kr. VERÐ ÁÐUR 12.999 KR.




Sigurður Þórarinnsson
12.999 kr. VERÐ ÁÐUR 16.999 KR.




Dæs
7.399 kr. VERÐ ÁÐUR 9.999 KR.




Húðin
5.799 kr. VERÐ ÁÐUR 7.999 KR.




Norðurá enn fegursta áa
7.599 kr. VERÐ ÁÐUR 9.999 KR.



Kortlagning heimsins
7.399 kr. VERÐ ÁÐUR 9.999 KR.



Gengið til rúpna
7.399 kr. VERÐ ÁÐUR 9.999 KR.



Eftirlætisréttir Eddu
3.599 kr. VERÐ ÁÐUR 4.799 KR.



Borð fyrir einn
5.399 kr. VERÐ ÁÐUR 7.499 KR.

Verðslanir eru mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilbodans er til og með 20. desember eða á meðan birgdir endast. Upplysingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndbreytingu.



Þór við verðlaunaafhendinguna í Gerðarsafni. MYND/ADSEND

Þór Vigfússon fær Gerðarverðlaunin

kolbrunb@frettabladid.is

Gerðarsafn stendur að myndlistarverðlaunum til stuðnings höggmyndalist héraendis. Verðlaunin eru til heiðurs Gerði Helgadóttur myndhöggvara og eru veitt árlega framúrskarandi myndlistarmanni sem vinnur í skúlptúr og rýmisverk. Þór Vigfússon myndlistarmaður hlaut Gerðarverðlaunin 2021, fyrir metnaðarfullt og kröftugt framlag til höggmynda- og rýmislistar.



Misstórir fletirnir og áferð efnisins tala sig inn í rýmið.

Þór Vigfússon er fæddur í Reykjavík árið 1954 og nam myndlist við MHÍ og síðar í Hollandi í Stichting De Vrije Academie í Den Haag. Hann hefur sýnt víða bæði héraendis og erlendis þar á meðal í Quint Gallery í San Diego og The Chinese European Art Center, Xiamen City í Kína. Þór býr og starfar í Reykjavík og á Djúpavogi.

Í rökstuðningi segir meðal annars: „Verk hans eru skúlptúrar, málverk og veggskúlptúrar þar sem misstórir fletirnir og áferð efnisins tala sig inn í rýmið og hafa dáleiðandi áhrif með því að endurspeglar áhorfandann og umhverfi hans.“ ■

Eins og að vera læknir á bráðavakt



Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is

Tsjernobyl-bænin eftir Nóbelsverðlaunahafann Svetlónu Aleksíevítsj er komin út í íslenskri þýðingu Gunnars Þorra Péturssonar. Tsjernobyl-þættirnir vinsælu eru að hluta til byggðir á þessari bók.

„Þetta er bók um fólk sem upplifði Tsjernobyl-slysið á eigin skinni,“ segir Gunnar Þorri. „Tsjernobyl-slysið er stærsta tæknislys mannkynssögunnar; heimssögulegur atburður sem átti stóran þátt í hrúni Sovétríkjanna. En í bókinni talar ekki stórsagan heldur einstaklingar sem lifðu af þessa miklu atburði: slökkviliðsmaður og konan í bakariinu, börn og utangarðsmenn, hinn venjulegi Sovétmaður.“

Höfundurinn, Svetlana Aleksíevítsj, tekur viðtöl við hundruð einstaklinga. Lesandinn fer á eitt trúnó á fætur öðru, en smám saman teiknast upp fyrir honum eða henni stórbrotin heildarmynd bókarinnar. Tsjernobyl-slysið er óleyt ræðgáta, eins og Svetlana segir á einum stað. Það er leyndardómur handa 21. öldinni og lesanda býðst að kafa inn í innstu kima þessa leyndardóms.“

Tilfinningar fólks

Spurður hvað heilli hann við bókina segir Gunnar Þorri: „Mér hefur alltaf þótt merkilegt að orðin „sannleikur“ og „mannkynssaga“ eru aðeins til í eintölu í íslensku. Enginn einn er aftur á móti handhafi sannleikans, samkvæmt þeirri bókmenntahefð sem Svetlana tilheyrir; sannleikurinn verður til í samræðu, það er að segja á milli þeirra sem leita hans í sameiningu. Hið sama á við um mannkynssöguna: Hún er vanalega skrifuð út frá sjónarhóli sigurvegarans. Í Tsjernobyl-bæninni birtist hins vegar önnur og margbrotnari sýn á fortíðina. Margradda kór ólíkra radda leiðir lesandann að kviku atburða sem eru hræðilegir og heillandi í senn. Aðferð höfundar gerir það að verkum að tilfinningar fólksins, en ekki sögulegar staðreyndir, eru í brennidepli.“

Bókin samanstendur af frásögnum sem eru upp á líf og dauða, þær fjalla um ástina og stóru tilvistarspurningarnar. Þetta eru miklar nútímabókmenntir, sem sverja sig í ætt við rússneska skáldjófurinn Fjodor Dostojevskí og það heillaði mig.“

Beðinn um að lýsa því hvernig var að þýða bókina segir hann: „Að þýða þessa bók var eins og að vera læknir á bráðavakt. Ég get ekki lýst



Gunnar Þorri Pétursson er þýðandi sláandi bókar um Tsjernobyl-slysið.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

því öðruvísi. Ég þýddi einn vitnisburðinn á fætur öðrum, grét mikið en hló reyndar líka oft, því bókina er full af kolsvörtum sovískum húmor. Þegar ég glímdi við trámatískustu frásagnirnar var ég oft dofinn svo dögum skipti, en ég hafði mínar leiðir til að halda sönum – fylgdist grannt með Esjanni og hlustaði reglulega á lagid „The Future“ með Leonard Cohen.“

Hugrekki á okkar tímum

Svetlana Aleksíevítsj hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 2015 og hafa bækur hennar verið þýddar á 53 tungumál. Um höfundinn segir Gunnar Þorri: „Við hrun Sovétríkjanna upplifðu rússneskir rithöfundar frelsi sem var tveggja. Í gömlu „vöndu“ dagana höfðu þeir verið „samviska þjóðarinnar“ og „verkfræðingar sálarinnar“, en við hrúnið urðu bækur eins og hver annar kapitalískur varningur – seldar á sama hátt og titrari eða snjóþvegnar gallabuxur. Bækur Svetlónu Aleksíevítsj eru afturhvarf til þess tíma þegar bókmenntir og rithöfundar höfðu veigamikil fagurfræðilegt og samfélagslegt vægi.“

Svetlana fær Nóbelsverðlaunin „fyrir margradda skrif, minnisvarða um þjáningar og hugrekki á okkar tímum“ og í þessum orðum endurspeglar í senn erindi hennar við nútímann, en um leið tengsl hennar við félagslegt raunsæi Sovétríkjanna sem og gullöld rússneskra bókmennta – hinar breiðu



Þegar ég glímdi við trámatískustu frásagnirnar var ég oft dofinn svo dögum skipti, en ég hafði mínar leiðir til að halda sönum.

skáldsögur höfunda á borð við Dostojevskí.

Í ár eru 35 ár liðin frá Tsjernobyl-slysinu og því lá beint við að þýða „Bæinina“ en ég get óhikað mælt með öðrum bókum höfundarins. Stríðið á sér ekki kvenlega ásjónu (1985) samanstendur af vitnisburði sovískra kvenna í síðari heimsstyrjöldinni, Sink-drengirnir (1991) tekst á við hernaðarbrölt Sovétmanna í Afganistan, Dulmagn dauðans (1994) fjallar um hækkingu sjálfsmorðstíðni í kjölfar hruns Sovétríkjanna og í sinni nýjustu bók, Tíminn í second hand (2013), glímir Svetlana Aleksíevítsj enn á ný við hlutskipti Homo Sovieticus eftir hrun Sovétríkjanna. Það er gaman að geta þess að kaflar þessari síðastnefndu bók mun innan tíðar birtast í Tímari Mál og menningar í þýðingu Hrings Ásgeirs Sigurðarsonar, sem er einn af okkar allra efnilegustu rússneskufraeðingum.“ ■

Norðlenskt kofareykt hangikjöt ...



... á diskinn þinn!



Mozart við kertaljós í fjórum kirkjum

kolbrunb@frettabladid.is

Camerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika í kirkjum nú rétt fyrir jólin, en hópurinn hefur leikið ljúfa tónlist eftir Mozart í 29 ár.

Hópurinn skipa að þessu sinni þau Ármann Helgason, klarinettuleikari, Emilia Rós Sigfúsdóttir flautuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir og Bryndís Pálsdóttir fiðluleikarar, Svava Bernharðsdóttir og Guðrún Þórarinsdóttir víóluleikarar og Sigurður Halldórsson sellóleikari.

Á dagskránni verður strengjakvartett kv. 160 og flautukvartett kv. 285 eftir Mozart, auk kvintetts fyrir klarinettu og strengi eftir Franz Krommer, samtímamann Mozarts. Að venju lýkur tónleikunum á því að Camerarctica leikur jólasálminn góða. Í dag er glatt í döprum hjörtum, eftir Mozart.

Tónleikarnir verða í Hafnar-



Camerarctica leikur tónlist eftir Mozart.



Hópurinn hefur leikið ljúfa tónlist eftir Mozart í tuttugu og níu ár.

fjarðarkirkju sunnudagskvöldið 19. desember, í Kópavogskirkju mánudagskvöldið 20. desember, í Garðakirkju þriðjudagskvöldið 21. desember og í Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudagskvöldið 22. desember.

Tónleikarnir eru klukkustundarlangir og hefjast þeir allir klukkan 21.00. ■



BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Ertu með stíflað nef eða sáran háls?

Renndu við í lúguna og fáðu lyfin afgreidd
beint í bílinn, einfalt, fljótlegt og þægilegt.

Hálstöflur,
nefúðar og verkjalyf
við kvefinu **beint í
bílinn**



Bílaapótekið við Vesturlandsveg

Opið 9 – 22 alla daga

Þú finnur Lyfsalann í Glæsibæ, Urðarhvarfi og bílaapótek Vesturlandsvegi

GLÆSIBÆR
Opið virka daga 8.30 - 18.00

URÐARHVARF
Opið virka daga 9.00 - 17.30

BÍLAAPÓTEK VIÐ VESTURLANDSVEG
Opið alla daga 9.00 - 22.00

Föstudagur





Gjafabréf

Fullkomið í jólapakkann

Fyrir hverjar
10.000 kr
fylgir einn frír
forréttur að
verðmæti allt
að **2.000 kr**

Gildir til 31.12.21



2.HÆÐ - FJÖRÐUR VERSLUNARMÍÐSTÖÐ | rif.is

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Íþróttavikan með Benna Bó Íþróttavika og skemmtipáttur með Benedikt Bóasi.
- 20.00 Bióbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Íþróttavikan með Benna Bó (e)

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.25 Menningin
- 13.35 Mósaik 2002-2003
- 14.10 Kvöldstund með listamanni 1986-1993 Hafliði Hallgrímsson tónskáld.
- 14.50 Poirot. Agatha Christie's Poirot
- 15.40 Jóladaðgatalið. Jólásótt
- 16.10 Aðstoðarmenn jólasveinanna Verslunarmiðstöðva-jólasveinar.
- 16.20 Frakkland - Danmörk Bein útsending frá undanúrslitaleik á HM kvenna í handbolta.
- 18.05 Landakort TREC - Krakkar og hestar.
- 18.10 KrakkaRÚV
- 18.11 Jóladaðgatalið. Saga Selmu
- 18.24 Jóladaðgatalið. Jólásótt
- 18.47 Jólalög KrakkaRÚV
- 18.50 Jólalag dagsins Trúbrot - Undrastjarna.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.40 Jólin koma Kristjana Stefánsdóttir og Þorsteinn Einarsson.
- 20.10 Kappsmál Keppendur kvöldins eru þau Gísli Einarsson, Jóhannes Ásbjörnsson, Margrét Örnólfsdóttir og Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir.
- 21.20 Jólalög Vikunnar með Gísla Marteini Á aðventunni undanfarin ár hefur margt af fremsta tónlistarfólki þjóðarinnar komið í þáttinn Vikan með Gísla Marteini og troðið upp með jólalögum, ýmist nýjum eða gömlum. Mörg þessara laga hafa aldrei heyrst nema í þetta eina skipti. Nú hafa verið teknar saman nokkrar af þeim perlum, sem fluttar hafa verið í beinni útsendingu á föstudagskvöldum, í þennan jóla-gleðipátt.
- 22.10 Englasöngur. Angels Sing Jólamynd frá 2013 um Michael, sem fannst fátt betra en jólin þegar hann var ungur drengur, en fyrir þrjátíu árum varð hann fyrir áfalli í aðdraganda jóla, sem hefur sett svip sinn á jólahátíðina hjá honum allar götur síðan. Þegar sonur hans lendir í svipuðu áfalli þarf Michael að horfast í augu við sína eigin fortíð til að geta hjálpað syni sínum.
- 23.35 DNA
- 00.20 Séra Brown. Father Brown
- 01.05 Dagskrárlök

Stöð 2 Golf

- 09.00 Commercial Bank Qatar Masters
- 13.00 Kia Classic
- 16.05 Víðir Reynisson, Frikkí Dór og Jón Jónsson
- 16.35 The American Express
- 20.20 Trust Golf Women's Scottish Open

Sjónvarp Símans

- 11.30 Dr. Phil
- 12.15 The Late Late Show
- 13.00 Bachelor in Paradise
- 14.40 The King of Queens
- 15.00 Everybody Loves Raymond
- 15.25 Hanaslagur - isl. tal
- 17.00 Fjarsjóðsflakkarar (33.52)
- 17.10 Fjarsjóðsflakkarar (34.52)
- 17.25 Tilraunir með Visinda-Villa
- 17.30 Jóladaðgatal Hurðaskellis og Skjóðu
- 17.35 Dr. Phil
- 18.20 The Late Late Show
- 19.05 Jóladaðgatal Hurðaskellis og Skjóðu
- 19.10 Carol's Second Act
- 19.40 Black-ish
- 20.10 The Bachelorette
- 21.40 Bridget Jones's Baby
- 23.45 The General's Daughter Nakið lík Elisabeth Campbell, dóttur liðsforingjans "Fighting Joe" Campbell, finnst liggjandi, og búið að festa það niður í jörðina, í herstöðinni Fort MacCallum.
- 01.45 Bleeding Heart
- 03.10 Tónlist

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Í ljósi sögunnar
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfreginir
- 10.13 Óskastundin
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.03 Hádegjöld. Fyrri og seinni hluti
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.42 Hádegjöld
- 13.00 Dánarfreginir
- 13.02 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 GlansLJÓSMYNDIR. myndir & minningar
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Sögur af landi Minning um móður. Raunir línumanna veturinn 1977.
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Vinill vikunnar
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestarklefinn
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Brot úr Morgunvaktinni
- 18.50 Veðurfreginir
- 18.53 Dánarfreginir
- 19.00 Flugur Lög af annarri hæggengu plötu Hljóma.
- 19.45 Lofthelgin
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.40 Kvöldsgagan. Í verum, seinna bindi (25 af 32)
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfreginir
- 22.10 Samfélagið
- 23.05 Lestarklefinn

Stöð 2 Bíó

- 11.45 Justice League Dark. Apokólips War
- 13.10 Impractical Jokers. The Movie
- 14.40 Johnny English Reborn
- 16.20 Justice League Dark. Apokólips War
- 17.50 Impractical Jokers. The Movie
- 19.20 Johnny English Reborn
- 21.00 The Twilight Saga. Eclipse
- 23.00 The Hangover 3
- 00.35 The Hunt
- 02.05 The Twilight Saga. Eclipse

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.15 The Mentalist
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Jóladaðgatal Árna í Árdal
- 09.30 Divorce
- 10.00 Supernanny
- 10.45 Flipping Exes
- 11.25 Schitt's Creek
- 11.45 Friends
- 12.10 Friends
- 12.35 Nágrannar
- 12.55 The Office
- 13.15 Curb Your Enthusiasm
- 13.55 The Great British Bake Off
- 14.50 Aðventan með Völu Matt
- 15.15 Grand Designs. Australia
- 16.05 Shark Tank
- 16.50 The Great Christmas Light Fight
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.20 Annáll 2021
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 How the Grinch Stole Christmas Með Jim Carrey, fyrir alla fjölskylduna.
- 20.40 Jingle All The Way Sumir draga allt fram á síðustu stundu. Þannig er einmitt kaupsýslumaðurinn Howard Langston. Þegar jólaannir bresta á má hann ekkert vera að því að sinna fjölskyldunni.
- 22.05 Last Christmas
- 23.50 Anna Anna Poliatova er sannarlega ekki öll þar sem hún er séð, því undir fögru yfirborðinu býr miskunnarlaus útsending rússnesku leyniþjónustunnar.
- 01.45 The Mentalist
- 02.25 Schitt's Creek
- 02.45 Friends
- 03.10 Friends
- 03.30 The Office
- 03.50 Curb Your Enthusiasm

Stöð 2 Sport

- 07.25 Selfoss - Fram Útsending frá leik í Olis deild karla.
- 08.50 Subway körfuboltakvöld
- 09.45 Tilþriffin
- 10.35 Breiðablik - Valur Útsending frá leik í Subway deild karla.
- 12.15 KR - Þór Ak.
- 13.55 Tilþriffin
- 14.40 Subway körfuboltakvöld
- 15.35 Tilþriffin
- 16.20 Selfoss - Fram
- 17.50 ÍBV - Stjarnan Bein útsending frá leik í Olis deild karla.
- 19.25 Tindastöð - Njarðvík 2001
- 20.00 Grindavík - Keflavík Bein útsending frá leik í Subway deild karla.
- 22.00 Subway körfuboltakvöld
- 23.05 Tilþriffin
- 23.50 Grindavík - Keflavík

Stöð 2 Sport 2

- 07.20 NFL Gameday
- 07.45 The Fifth Quarter
- 08.00 AZ Alkmaar - Randers
- 09.40 Zorya Luhansk - Bodö/Glimt
- 11.25 Lyon - Rangers
- 13.05 Fréttapáttur Evrópuþeildarinnar
- 13.50 Real Madrid - Inter
- 15.30 Fréttapáttur Meistaradeildarinnar
- 16.45 Huddersfield - Coventry
- 18.25 NFL Gameday
- 18.55 The Fifth Quarter
- 19.10 Football League Show
- 19.40 Barnsley - West Brom Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
- 22.00 Leikur Útsending frá leik í NFL.
- 00.20 NFL Gameday

QVISTEN ANIMATION KYNNIR

Jól á Kusufelli



KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS  BÍÓ
BARA LÚXUS

Góður lestur um jólin

Flottar bækur á frábæru tilboði!




Sigurverkið
4.899 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Merking
4.899 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Sextíu kíló af kjaftshögum
4.899 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.



Djúpið
4.899 kr. VERÐ ÁÐUR 7.299 KR.

Vörurval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 17. desember, eða á meðan birgdir endast. Uppþýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabreytingu.

Kjafstasögur af Bítlaerjum kveðnar í kútinn



Andrea Jónsdóttir

Útvarpskonan og Bítlaaddáandinn Andrea Jónsdóttir er á því að Get Back sé byltingarkennt myndefni af þessari frægustu og vinsælustu hljómsveit allra tíma.

„Þú þarft að vera einn eða kannski með einhverjum algjörum Bítlaaddáanda vegna þess að maður þarf að hafa sig allan við til að taka við öllu.“

Hún er ánægð með afraksturinn hjá Peter Jackson. „Þetta er svo frábært vegna þess að þegar Let it Be-kvikmyndin kom upphaflega út þá var maður svo sorgbitinn vegna þess að hún sýnir svo mikil leiðindi og það er eins og allt hafi verið klippt saman til að halda uppi þeirri kenningu að þeir væru óvinir. Maður er svo glaður að sjá þetta, því ég vildi einhvern veginn aldrei trúá þessu með illindin.“

Paul var límið

Andrea segir þar með ekki sagt að ekkert ósætti sé að finna í því áður óbirta efni sem Jackson reiðir fram í nýju seríunni. „Auðvitað kemur upp ósætti og þeir voru alveg hættrir að nenna þessu á köflum og allt það. En hér sést líka að Paul McCartney heldur þessari hljómsveit saman,“ segir Andrea.

„Hann talar um það strax í fyrsta þætti að honum finnst það leiðinlegt að vera svona stjórn-samur, en að það verði að framkvæma og það verði að gera.“

Andrea segir að þvert á móti sjáist það vel í nýju efni Peters Jackson hvað Bítlaarnir hafi verið lausnamiðaðir í samskiptum sín á milli.

„Til dæmis er Harrison móðgaður á einum tímapunkti því honum finnst vera tekið dræmlega í sín lög og hann og Paul ræða það sérstaklega og hann segir að sér finnst Paul vilji ráða öllu en á meðan taka John og Ringo aldrei þátt þannig að þetta verður aldrei hóprifriði,“ útskýrir Andrea.

Augljós væntumþykja

„Þetta fannst mér svo aðdúunarvert því að í mörgum hópum hefði þetta allt endað í einhverju hóprifriði og veseni. Á endanum gengur Harrison út þannig að þeir fara allir heim til hans og sést vel hvað þeim þótti vænt um hver annan.“

Andrea segir væntumþykjuna milli fjórmenn-inganna augljósa. „Þrátt fyrir stressið að þurfa að klára þessa plötu á þessum tiltekna tíma geta þeir samt dottið í einhverja vitleysu, spilað gömul lög og hlegið saman og flissað. Margir hefðu ekkert haft þolinmæði fyrir því og meira að segja Paul tekur þátt, þótt hann sé ábyrgðarfyllstur.“

Besta hljómsveit í heimi

Hún segir óhætt að mæla með seríunni, jafnvel fyrir þá sem vita ekkert um hljómsveitina. „Það er ástæða fyrir því sem ég hef alltaf sagt, að Bítlaarnir eru besta hljómsveit í heimi. Þeir fundu þetta allt upp, þeir sömdu allt sjálfir, gera þetta allt saman. Eru rosalega hugmyndaríkir og tilraunagjarnir í hljóðverinu,“ segir Andrea.

Hún viðurkennir að pródúserinn George Martin eigi að sjálfsögðu sinn hlut í Bítlanum. „En við myndum ekkert vita hver George Martin er án Bítlaanna, bara sorri.“

Ég er ekkert að gera lítið úr honum, pródúserar eiga sitt en þetta væri ekkert án þeirra sjálfra, sjálfrá Bítlaanna og þeirra karaktera. Fyrirgefðu hvað ég er æst, ég er alveg æst hérna!“ segir Andrea og hlær.

Síðbúið Bítlaæði í háskerpu og lit

Nýtt Bítlaæði er skolið á eftir að Peter Jackson skilaði Disney+ rúmum átta klukkutímum af áður óbirtu myndefni frá 1969 í tengslum við gerð plötunnar Let it Be. Andrea Jónsdóttir og Óttar Felix Hauksson fagna því bæði að þarna kemur í ljós að þrátt fyrir illdeilur og þirring slógu hjórtu í takt.

toti@frettabladid.is,
odduraevar@frettabladid.is


Peter Jackson er búinn að finna gamla ónotað myndefni af Bítlanum sem varð til við gerð heimildarmyndarinnar Let it Be frá 1970, þar sem fylgst var með fjórmenn-ingunum við gerð samnefndrar hljómplötu.

Margir muna enn eftir sögum af

miklum erjum milli Bítlaanna í upprunalegu heimildarmyndinni en Jackson dregur upp talsvert öðruvísi mynd af lokametrum hljómsveitarinnar eftir að hafa farið í gegnum rúmlega 50 ára gamla afgangana.

Jackson hefur sjálfur sagt að þegar hann fór að sigta efni úr 55 klukkustundum af upptökum hafi komið honum á óvart hve samband Bítlaanna hafi í raun verið gott og töluvert betra en virtist í upprunalegu myndinni.

Þá skyggir ekki á gleðina að þegar leikstjórinn hefur farið yfir filmurnar með sínum stafræna slípi-rokk birtast Bítlaarnir ljóslifandi í svo tærri mynd og skýrum litum að ætla mætti að upptökurnar hefðu verið gerðar í fyrradag á meðan þeir sitja í mestu makindum við að semja síðustu plötuna þeirra sem kom út. ■



Get Back er átta tíma sæluganga um jarðarberjaakra minninganna. MYND/DISNEY

Of langt fyrir hámhorf



Óttar Felix Hauksson

Óttar Felix Hauksson framkvæmdastjóri hefur löngum verið talinn til allra áköfustu Bítlaaddáenda landsins og stendur vel undir því þótt ekki sé hún á rökum reist lífseiga kjafstasagan um að hann hafi séð Bítlamyndina A Hard Day's Night 30 sinnum í bíó á sínum tíma.

Hann hefur þó ekki enn séð Get Back. „Ég var erlendis. Ég var í suðurlöndum og hafði ekki

aðgang að Disney+ veitunni þannig að ég er ekki inni í þessu,“ segir Óttar sem munar þó lítið um að ræða málið aðeins frekar út frá því sem hann hefur séð og heyrt af Get Back.

Skemmtilegra niðurskorið

Þetta virðist vera að gera þína kynslóð, eða þá af henni sem enn lifa, alveg gaga.

„Þeir voru langflestir gaga fyrir,“ segir Óttar Felix og hlær. „Ég heyrði í útvarpinu umfjöllun hjá Gunnari Salvarssyni og einhverjum og svo las maður á netinu þar sem einhverjir voru að tjá sig um þetta. Misviturlega náttúrulega,“ segir Óttar Felix og neitar því ekki að hann er nokkuð spenntur fyrir nýja gamla efninu.

„Já, já. Maður kikir náttúrulega á þetta þegar tækifæri gefst en hann er nú kannski ekki þannig maður, hann Peter Jackson, að hann stýtti mjög mál sitt,“ hlær Óttar, með hinn ógnarlanga The Lord of the Rings þrileik leikstjórans í huga.

„Það er örugglega miklu skemmtilegra að sjá þetta bara skorið niður í svona tveggja tíma mynd í einhverri samfellu,“ segir Óttar, vitaskuld með þeim fyrirvara að hann er ekki búinn að horfa á allt efnið.

„Og kominn á minn aldur, þá er líklegt að maður myndi dotta á köflum ef maður yrði að sjá þetta í einu hámi.“

Ný tíðindi af Harrison

En af því sem þú hefur séð, lesið og heyrt, hefurðu á tilfinningunni að þarna leynist eitthvað sem þú vissir ekki fyrir?

„Já, ég myndi nú halda það. Til að mynda vissi ég ekki að Harrison hefði rokið út af sessjóninu og sagst vera hættrir í bandinu. Það er þarna. Það er gaman að heyra að þótt þetta hafi lítið svona út í byrjun þessarar myndar, að það væri slæmt á milli þeirra, þá virtist það nú lagast þegar á leið. En epilóginn af þessum upptökum. Hann var ansi magnaður,“ segir Óttar og skautar yfir eftirmála þessara sögulegu upptaka.

Ein almennileg í lokin

„Þeir komust ekki til að klára þetta og efnið lá í langan tíma. Þetta var svo mikið. Gífurlegt efni og þeir voru hættrir og búnir að senda til Phil Spector í Ameríku og hann var eitthvað að fíkta í þessu.“

„Það gekk ekkert með þetta, það endaði með því að það var ekki hægt að hætta á þessum nótum. Þannig að þeir ákváðu að taka sér tak og gera eina almennilega plötu að lokum. Hann ætti það inni hjá þeim upptökumeistarinn og lærifaðir, George Martin.“

Þá fóru þeir og gerðu Abbey Road sem er í raun síðasta platan þeirra, svanasöngurinn, þótt hún sé það ekki í útgáfu. Hún var næstsíðust og Let it Be kom síðust. En að lokum var þessu einhvern veginn komið saman, klippt niður og gefið út.“

ÓPIÐ FRÁ
10-19
ALLA DAGA
TIL JÓLA

ALLT FYRIR

GRÆJUJÓL

HJÁ TÖLVUTEK

TÖLVUTEK
Reykjavík • Möркиn 3 • 563 6900 | Akureyri • Undirlífið 2 • 430 6900

SAMSUNG

Kaupauki

með

Galaxy S21 | S21+ | S21 Ultra

Jólagjöfin í ár er Samsung Galaxy



Galaxy Tab A7 Lite

spjaldtölva fylgir með í kaupauka
þegar þú kaupir

Galaxy S21 | S21+ | S21 Ultra 5G

Kaupaukinn fylgir með öllum seldum Galaxy S21, S21+ og S21 Ultra fram að jólum hjá öllum helstu söluaðilum eins lengi og birgðir endast.



PÖNNUTILBOÐ ALLA
★ DAGA Í DESEMBER ★

STÓR PIZZA

1.590

PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA

EF ÞÚ SÆKIR

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



Jón Ársæll hafði verið lengi með þættina í maganum þegar hann ákvað að leyfa landsmönnum að njóta frásagnarinnar af nafna sínum í útvarpi frekar en sjónvarpi.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÐÓR

Jón Ársæll gerist Indíafari

Fjölmíðlamaðurinn ástsæli Jón Ársæll snýr um jólin aftur í útvarp eftir 30 ára útleið með glænýja fjögurra þátta röð um Jón Indíafara. Sonur Jóns, tónskáldið Lord Pusswhip, er með í för og sér um tónlistina í þáttunum sem eru á dagskrá Rásar 1 yfir hátíðarnar.

odduraevar@frettabladid.is

Jón Ársæll Þórðarson er meðal reyndustu fjölmíðlamanna landsins en snýr nú aftur í útvarp eftir þriggja áratuga fjarveru. Hann segist lengi hafa ætlað sér að gera þætti um Jón Indíafara, einn ótrúlegasta landkönnuð Íslandssögunnar, og lendir þeim nú loks í nokkuð óvæntri höfn.

„Upphaflega var hugmyndin að gera þetta að sjónvarpsþáttum þar sem ég myndi heimsækja alla þessa staði því Jón ferðaðist svo víða,“ útskýrir Jón Ársæll.

„Þannig að ég er kominn aftur í útvarpið eftir hvað, þrjátíu ára útleið,“ segir fjölmíðlamaðurinn góðkenni sem var síðast í útvarpinu árið 1990 með síðdegisþáttinn Ísland í dag á Bylgjunni. „Þar var ég í tvö ár og var svo sjanghæjgur yfir á Stöð 2 í fréttirnar og þar með var tónninn sleginn að ævi minni í sjónvarpinu.“

Indíafari á öldum ljósvakans
Jón snýr ekki aftur úr útleiðinni

af því bara. „Þetta er gríðarlega skemmtilegt verkefni,“ segir Jón Ársæll sem ætlar með hlustendur í ferðalag sem sveitapilturinn Jón Indíafari skráði í reisubók sína á því herrans ári 1661.

„Þetta er strákur frá Súðavík sem læðist um borð í enska duggu við Óshlíð árið 1615 og fer til Evrópu, út um allan heim og endar austur á Indlandi. Hann kemst svo aftur heim og skrifar sögu sína þegar hann er kominn til Íslands,“ segir Jón Ársæll.

„Ég býð hlustendum upp á að koma með mér í ferðina hans Jóns, þetta mikla ferðalag. Svo fæ ég sérfræðinga, fólk sem gjörþekkir sögu Jóns, auk þess sem Ævar vinur minn Kjartansson les upp úr reisubókinni jafnóðum eftir því hvar við erum stödd í hverjum þætti.“

Fyrstur Íslendinga til að reykja
„Pilturinn Jón Ólafsson komst um borð í enska duggu og fór til Englands þar sem allt var að gerast og var alltaf réttur maður á réttum stað. Þá eru Englendingar að hefja innflutning á tóbaki og Jón lærir að reykja, fyrstur Íslendinga. Hann lendir svo í Danmörku og gerist fallbyssuskytta í her Kristjáns fjórða ... situr í hinu alræmda fangelsi í Bláturni ... og fer norður í höf þegar Danir fara að kanna heimskautasvæðin,“ útskýrir Jón Ársæll uppnuminn og heldur áfram:
„Í þessari Inlandsför sinni fer



Nafni Jóns ferðaðist býsna víða.

Jón á dönsku herskipi niður með vesturströnd Afríku, kemur við á Kanaríeyjum og í Suður-Afríku áður en hann fer til Madagaskar og svo er hann náttúrulega tvö ár á Indlandi þannig að þetta er gríðarleg saga,“ segir Jón Ársæll og viðurkennir að þættirnir hefðu hæglega getað verið miklu fleiri.

Ferðasaga Jóns og Jóns
„En þetta eru klukkutíma langir þættir og ég segi þessa sögu ásamt fjölda fólks, meðal annars framleiðandanum Guðna Tómassyni og syni mínum, Þórði Inga Jónssyni, Lord Pusswhip, sem samið hefur tónlistina í þáttunum,“ segir Jón Ársæll og kveður með einföldum skilaboðum til lesenda:
„Menn verða einfaldlega að leggja frá sér amboðin um jólin og setjast niður með heitt kakó, breiða yfir sig teppi og hlusta á ferðasögu og ævintýri Jóns Indíafara, guðspjallamannsins að vestan.“ ■

Lengdin ekki miðuð við Húsavík

odduraevar@frettabladid.is

„Það mætti halda það,“ segir rokkarinn Baldur Ragnarsson hlæjandi, spurður að því hvort markmiðið sé að hafa spjall þeirra Flosa Þorgeirssonar í upphafi hvers þáttar af Draugum fortíðar nógu langt fyrir bílferðina til Húsavíkur.

Glöggir aðdáendur þessa vinsælasta hlaðvarps landsins hafa ekki farið varhluta af því að spjall þeirra um allt sem á daga þeirra drifur í upphafi hvers þáttar, verður sífellt lengra. Þættina er trekk í trekk einhvers staðar að finna á toppi vinsældalista. Þar spjalla þeir Baldur og Flosi um ýmsa viðburði úr fortíð mannkyns, það er að segja þegar löngu og einlægu spjalli þeirra félaga er lokið.

„Við komumst næst því að hafa þetta í Húsavíkulengd núna um



Baldur Ragnarsson og Flosi Þorgeirsson stýra einum vinsælasta hlaðvarpsþætti landsins.

MYND/ADSEND

daginn, andskotinn, hann var alveg þrír og hálfur tími sá þáttur, held ég,“ segir Baldur. Hann segist venjulega miða við að hver þáttur sé svona klukkutími og þrjú korter.
„Það er kjörinn tími, en þegar við erum með einn sveimhuga og einn sem er misdjúpt sokkinn í fenið, þá hefur dagsformið áhrif.

Svo klippi ég þetta bara eins og ég sé þörf á hverju sinni.

Galdurinn við hlaðvarp er að tímamörk eru ekki vandamál, svo við leyfum okkur hitt og þetta. En nei, við höfum nú ekki miðað þetta við Húsavík, en hver veit nema við hendum ekki einn daginn í einn Húsavík special,“ segir Baldur. ■




KFC

fata með tíu

LEGGJUM

handa **OKKUR** *öllum*

2590 kr.



Bakþankar

Svanborgar
 Sigmarsdóttur



Hinn sanni jólaandi

Fyrir hver jól tel ég mig búna að mastera skipulagið til að draga úr stressi og njóta aðventunnar. Ég get samt lofað ykkur að korter í 12 á aðfangadag verð ég mætt í einhverja búð með listann yfir það sem gleymdist.

Ég er samt hrædd um að sjálfs-hjálparbókin mín um afslöppun á aðventu og hvernig ég fór að því að draga úr jólastressi, kæmist seint á metsölulista. Jú, barna eru klassísku ráðin um að þrifa ekki meira en nauðsynlegt er og baka smákökur úr tilbúnu deigi, eða kaupa þær. Fækka jólagjöfunum. Anda djúpt og fara í jólaljósagöngu í hressandi slagviðri.

Ráðin sem hafa raunverulega skilað einhverju eru nefnilega ekkert svo skemmtileg eða ekki á allra færi. Ráð eins og „vertu í vinnu með mjög sveigjanlegum vinnutíma, svo þú getir verið að jólast í vinnunni“. Eða „vertu ekki á lágmarkslaunum til að draga úr fjárhagsáhyggjum“.

Svo hafa ráðin „ekki eiga börn í frístundum, þar sem þú þarft að mæta á jólasýningar“ og „ekki eiga börn á þeim aldri þar sem þau trúa á jólasveininn og þú þarft að setja í skóinn“ reynst mér vel hin síðari ár. Og þó svo að börnin séu fullorðin, þá sparar það líka tíma ef þau eru sem fæst. Þá hef ég líka séð að það er minna stress ef það þarf ekki að huga að jólagjöf handa maka.

Við getum verið Skröggur og slakað algjörlega á. En í raun og sann kys ég samt frekar jólasýningarnar, tímann sem fór í að skrifa bréf frá jólasveininum og handföndruðu jólakortin. Því er ég mætt korter í 12 á aðfangadag í búð, því jólin koma með jóla-stressinu. ■

FUNI Dúnúpa
 Kr. 33.990.-



Vinir
 fá sérkjör

Skráning á icewear.is

Þín útivist - þín ánægja

ICEWEAR MAGASÍN
 KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND



RAUDIR, BLÁIR, LJÓSIR, BLEIKIR OG GRÁIR

kosy
 WALK HAPPY

BYLTING FYRIR PREYTTA FÆTUR

Með NÍU svæða nuddinnleggi nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Heilsuinniskórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir.



OUR
 PRESSURE POINTS

BYLTINGAKENNT 9 SVÆÐA NUDDINLEGG ÚR LEDRI

DREGUR ÚR SPENNU & EYKUR BLÓÐFLÆÐI

1 MJÓBAK & HRYGGUR

2 NÝRU & HNÉ

3 STUÐNINGUR VIÐ LANG-BOGANN & MJÓBAK LUNGU, HJARTA & FRAMRISTARBEIN

4

5 ENNISHOLUR

6 HÖFUÐ

7 HÁLS

8 AUGU

9 EYRU



DÚNMJÚKAR GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM



BOSS
 HUGO BOSS

LORD SLOPPUR

Nú 23.920 kr.

Verð: 29.900 kr.

20%

AFSLÁTTUR AF SLOPPUM

20%

AFSLÁTTUR



TEMRAKON ZONE SÆNG

Sæng með innbyggðri hitastýringu.

Fylling: Gæsadúnn og fjadrir. Sæng. 135x200 cm.

Verð 59.900 kr.

47.920 kr. JÓLAVERÐ



TEMRAKON ERGOMAGIC

Koddi með memory foam svampi og innbyggðri hitastýringu. Koddi. Verð 26.900 kr.

21.520 kr. JÓLAVERÐ

AFGREIÐSLUTÍMI TIL JÓLA

FÖS. OG LAU.	17. - 18. DES.	11-18
SUN.	19. DES.	13-18
MÁN. - MID.	20. - 22. DES.	11-19
FIM.	23. DES.	11-20
FÖS.	24. DES.	10-13
JÓLADAGUR	25. DES.	LOKAÐ
2. Í JÓLUM	26. DES.	LOKAÐ



JOOP RÚMFÖT CORNFLOWER

140x200 cm. 100% egypsk bómull. Verð: 25.900 kr.

20.720 kr. JÓLAVERÐ



ELEGANTE RÚMFÖT BRILLIANT

140x200 cm. 100% egypsk bómull. Verð: 28.900 kr.

23.120 kr. JÓLAVERÐ



DIMMA RÚMFÖT YMSIR LITIR

140x200 cm. 100% bómull. Verð: 14.900 kr.

11.920 kr. JÓLAVERÐ

FAXAFENI 5
 Reykjavík
 588 8477

DALSBRAUT 1
 Akureyri
 588 1100

SKEIDI 1
 Ísafirði
 456 4566



VEFVERSLUN
 www.betrabak.is

OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

Betra
 BAK